

SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Parft úrræði

Nýtilkomin göngudeild fyrir
of feit börn tryggir þeim
sérhæfða meðferð.

allt 3



FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

2. ágúst 2011
177. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt vörðunarskránni Cancer Centri Gullu í júlí - júní 2011



Gerði símamyndband
fyrir UNICEF

Þorsteinn Guðmundsson
hvetur fólk til að taka þátt í
söfnun UNICEF.

fólk 30

Sama lífssýnin

„Þótt málsrökin séu önnur
er grunnurinn sá sami...“
skrifar Þröstur Ólafsson.

umræðan 16




Afmælisdagur í lagi

Nökkvi Gunnarsson vann
Einvígið á Nesinu í gær.

sport 26

veðrið í dag



VÆTA N-TIL í dag verða víðast
austan eða norðaustan 5-13 m/s.
Væta einkum N-lands en úrkomu-
lítið syðra. Hiti 10-20 stig.

VEÐUR 4

Tilkynnt um sex nauðganir

Að minnsta kosti sex nauðganir voru tilkynntar til Landspítala eftir verslunarmannahelgina. Fimm þeirra voru í Vestmannaeyjum. Formaður Þjóðhátíðarnefndar telur aðkomu Stígamóta vel koma til greina.

SAMFÉLAGSMÁL Alls hafði verið tilkynnt í gærkvöldi um sex kynferðisbrotamál um verslunarmannahelgina. Fimm þeirra voru framin í Eyjum, en eitt á Akureyri. Þrjú fórnarlömb leituðu til Neyðarmóttöku vegna nauðgunarmála í Fossvogi, tvö leituðu sér hjálpar hjá Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja og eitt á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Eyrún Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Neyðarmóttöku, segir þetta sex málum of mikið. „Því miður koma yfirleitt þrjú til fjögur mál til okkar eftir hverja hátið,“ segir Eyrún og bætir við að það segi lítið að engar nauðganir hafi verið kærðar undanfarin ár.

„Fórnarlambið kærir kynferðisbrotið í um 45 prósentum tilvika. Það er erfitt að kæra þegar

gerandinn hverfur inn í fjöldann eins og gerist á svona stórum hátiðum. Sumar treysta sér einnig ekki til að fara í gegnum kærufærið og við verðum að virða óskir hvers og eins um það.“

Páll Scheving Ingvarsson, formaður Þjóðhátíðarnefndar, segir að heilt yfir hafi hátiðin tekist vel. Kynferðisbrotin skyggi þó á og eitt slíkt sé einu of mikið. „Kynferðisbrot er náttúrulega fólkskuleg árás sem skilur eftir sig djúp sár.“

Nokkuð var deilt um aðkomu Stígamóta að hátiðinni og spurður hvort ekki hefði verið réttara að samtökin væru á staðnum segir Páll: „Ég spyr á móti, telur þú að þessi brot hefðu ekki verið framin ef starfskona Stígamóta hefði verið á svæðinu?“ Páll segist telja

“Ég spyr á móti, telur þú að þessi brot hefðu ekki verið framin ef starfskona Stígamóta hefði verið á svæðinu?“

PÁLL SCHEVING INGVARSSON
FORMAÐUR ÞJÓÐHÁTIÐARNEFNDAR

að skipuleggjendur hafi verið með fullkomin viðbrögð og þjónustu við þolendur, allt frá Herjólfssdal að Landspítalanum. Hann segir gleðiefni að árvekni gæslumanna skuli hafa orðið til þess að hendur voru hafðar í hári eins geranda.

Páll segir að eins og ætíð eftir Þjóðhátíð verði farið yfir alla þætti öryggismála. Komi í ljós að brotaloðm sé á verði þeir þættir endur-

skoðaðir. „Þegar öll kurl eru komin til grafar munum við fara yfir alla þætti málsins og kanna hvort við getum brugðist betur við, ef við metum það þannig að við getum gert það, þá munum við gera það.“ Spurður hvort það gæti þýtt aðkomu Stígamóta, segir hann: „Jú, en þá þarf að ríkja gott og gagnkvæmt traust á milli skipuleggjenda og fagaðila.“

Eyrún er viss um að fleiri mundu leita sér aðstoðar ef Stígamót væru með aðila á svæðinu. „Viðbragðs- teymi frá Stígamótum á svæðinu mundi eflaust gera það að verkum að fleiri leituðu sér hjálpar í svona málum,“ segir Eyrún og bætir við að reynslan gefi til kynna að fleiri mál geti komið upp á yfirborðið á næstu dögum.

- kóp, áþ



Á HEIMLEIÐ Um fjórtán þúsund manns voru samankomnir á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um helgina. Það var ys og þys á hafnarbakkanum í gær þegar hátiðargestir kvöddu Heimaey. **Sjá síðu 10.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

Veitingakeðjan Saffran í útrás:

Opnar fimm staði í Ameríku

FÓLK „Þetta er fyrsti veitingastaðurinn sem við opnum erlendis en við ætlum að opna á fimm stöðum í Bandaríkjunum og Kanada á næsta eina og hálfu ári, líklegast í Kaliforníu, New York, Boston og Toronto,“ segir Jay Jamchi, annar eigenda veitingahúsakeðjunnar Saffran.



JAY JAMCHI

Saffran fagnar tveggja ára afmæli sínu um þessar mundir og er óhætt að segja að eigendurnir séu stórhuga enda markmiðið að opna veitingastaði um allan heim.

Fyrsti staðurinn opnar í Orlando í Flórída á fimmtudaginn kemur.

- þjt / sjá Allt

Loksins er lausn í sjónmáli í skuldadeilu repúblikana og demókrata:

Ögurstund á Bandaríkjaþingi í dag

WASHINGTON, AP Forvígismenn flokkanna á Bandaríkjaþingi og Barack Obama forseti náðu saman um lausn á deilum um skuldabæk ríkissjóðs um helgina. Búið var við að frumvarpið kæmi til kasta fulltrúa-deildarinnar í gærkvöldi.

Í því felst hækkun skuldabaks um 2.100 milljarða dala á næstu tveimur árum og mikill niðurskurður í ríkisútgjöldum en engar skattahækkningar. Þá verði mynduð nefnd með sex meðlimum úr hvorri þingdeild, sem muni vinna að miklum niðurskurði á næsta áratug. Loks verði lögð fyrir þingið tillaga um breytingu á stjórnarskrá sem banni halla á fjárlögum.

Öldungadeildin mun síðan taka frumvarpið fyrir í dag en verði frumvarpið ekki samþykkt endanlega áður en dagurinn er allur stendur ríkissjóður frammi fyrir greiðslufalli sem gæti reynst afdrifarikt fyrir efnahagslíf heimsins.

Samkomulagið mætti mikilli andstöðu í báðum flokkum þar sem hvorugur fékk það sem hann stefndi að. Obama forseti sagði eftir að samkomulagið var í höfn að um málamiðlun væri að ræða en engu að síður mikilvægt skref til að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum.

- þjt

actavis

Gleðilegt sumar!

Lóritín®

RISAÚTSALA
MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MED ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

Sjá allt úrvalið á ht.is

Heimilistæki
www.ht.is

SUBURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

Grill Ostur

ALVEG GRILLAÐUR!

Grillosturinn bráðnar betur en aðrir ostar og hentar því einstaklega vel á hamburgara eða annan grillaðan mat.



Berndsen, ert þú þá ekki refur að hafa fengið Bubba með þér?

„Jú, er ekki bara eitt svar við því?“

Tónlistamaðurinn Berndsen trónir á toppi vinsældalista með laginu Úlfur, úlfur þar sem hann hefur sjálfan Bubba Morthens sér til fulltingis.

Baldvin væntanlegur í dag:
Samherji tekur við rekstri ÚA

SIÁVARÚTVEGSMÁL Togari Samherja, Baldvin NC 100, var væntanlegur til Akureyrar í gærkvöldi með fyrsta aflann til vinnslu í fiskiðjuveri Útgerðafélags Akureyringa (ÚA). Vinnsla á að hefjast þar í dag og er starfsemi ÚA þar með formlega hafin á vegum nýrra eigenda. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Samherja.

Í byrjun maí var gengið frá samningi milli Brims og Samherja um kaup á eignum Brims á Akureyri. - sv



FRÁ KÖBEN Margir urðu illa úti í úrhellinu í Kaupmannahöfn í júlí. Talið er að tjón gæti numið 3 milljörðum danskra króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skýfall í Kaupmannahöfn:

Tjón gæti numið 3 milljörðum

DANMÖRK Tjónið sem skýfallið í Kaupmannahöfn olli í upphafi júlí gætu numið allt að þremur milljörðum danskra króna, sem samsvarar rúmum 66 milljörðum íslenskra króna.

Þetta er mat fjölda tryggingarfyrirtækja þar í landi að því er fram kom í frétt Børsen.

Áður hafði verið talið að tjón gæti numið um 1,8 milljörðum danskra króna, en það mat var byggt á afleiðingum úrhellis í Norður-Sjálandi í fyrra. Tryggingarfélagin segja að mun fleiri fyrirtæki hafi orðið fyrir vatnsskemmdum í Kaupmannahöfn og því sé tjónamatið herra. - þj

Stjórnvöld hafa fram í september til að bregðast við áliti ESA um Icesave:

Tæpir 700 milljarðar segjum við já

UTANRÍKISMÁL Samkvæmt rökstuddu áliti ESA þurfa Íslendingar að greiða 670 milljarða króna fyrir 10. september vegna Icesave-skuldbindinga, fallist þeir á álitið. Nú er unnið að rökstuðningi gegn því í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.

Greiðsla er ekki hafin úr þrotabúi Landsbankans vegna Icesave. Stafar það af því að Hæstiréttur á eftir að taka fyrir dómsmál sem dæmd voru í héraði í vor og tengjast búinu. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vonast til þess að málin verði tekin fyrir



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

1. september, sem ég veit nú ekki alveg hvaðan við eignum að taka. Hinn kosturinn er að gera ágreining áfram við ESA.“

strax að loknu dómshléi nú í ágúst.

„Við eignum náttúrulega tvo kosti í stöðunni; að fallast á álit ESA, en í því stendur að við eignum að greiða 670 milljarða fyrir

Steingrímur vonast til að skuldin greiðist niður á næstu mánuðum þegar sala hefst úr þrotabúinu. Þá sjái allir, Bretar, Hollendingar og heildsöluinnlánsþáfar, að þeir fái peningana sína til baka og það bæti andrúmsloftið.

„Það er athyglisvert að þegar úrskurður ESA kom deplaði enginn auga yfir því hvað hann þýddi á mannamáli. Hann þýddi náttúrulega það að ef við ætluðum ekki að gera ágreining við ESA þyrftum við að standa skil á þessari fjárhæð, 670 milljörðum.“

- kóp

Fangelsismál í Venesúela:

20 þúsund fangar verði frelsaðir

VENESÚELA Fangelsi í Venesúela eru flest öll yfirfull og hafa fangelsisstjórar og fangaverðir lengi varað við ástandinu. Fyrir skömmu létust 25 í uppþotum í einu fangelsanna sem stóðu í rúmar þrjár vikur.

Iris Varela, nýr ráðherra fangelsismála Venesúela, vill leysa þennan mikla vanda með því að fækka fongum um allt að 40 prósent. Ráðherrann telur almenningslikt standa ógn af um 20 þúsund og því sé vel hægt að veita þeim frelsi.

Björguðu börnum úr hættu á Miðjarðarhafi

Íslenskir varðskipsmenn á Ægi björguðu 58 flóttamönnum á Krít. Fólkið hafði verið í sjálfheldu í tvo daga. Aðstæður voru erfiðar en vel gekk að ferja fólkið um borð. Skipherra segist hlýna um hjartarætur að geta hjálpað fólki í neyð.

BJÖRGUN Skipverjar á varðskipinu Ægi unnu sannkallað þrekverki á laugardag þegar þeir björguðu hópi flóttamanna sem höfðu verið í sjálfheldu í þröngu gili í tvo daga við ströndina á Rodoposkaga á vesturhluta Krítar.

Ægir hefur verið við landamæraeftirlit í Miðjarðarhafi fyrir Frontex, landamærastofnun Evrópusambandsins, síðan í maí og verður við störf fram í október.

Skipverjar á Ægi björguðu 58 flóttamönnum, þar af tólf börnum, allt niður í eins árs gömlum, þrjátíu karlmönnum og sextán konum, en tvær þeirra voru barnshafandi.

Í fréttum af björguninni á grískum miðlum segir að fólkið sé frá Sýrlandi og Afganistan.

Ægi barst tilkynning um nauðstadda frá björgunarstjórn í Grikklandi, og komu skipverjar auga á fólkið eftir um fjórtán tíma leit.

Einar Valsson, skipherra á Ægi, segir í samtali við Fréttablaðið að aðstæður hefðu verið erfiðar og fólkið hefði ekki átt kost á því að komast burt landleiðina.

„Þau voru þarna í þröngu gili og það hefði verið mjög erfitt fyrir þau að komast upp með börn og það var langt í næstu vegi. Það var erfitt að komast að þeim þar sem fjaran er stórgrýtt og sjólag fór versnandi eftir því sem á leið.“

Skipverjar komust þó að landi á gúmbát og var fólkið selflutt þaðan í harðbotnabát sem fór með fólkið um borð í Ægi. Einar segir að fólkið hafi greinilega verið fegið björguninni.

„Það voru kannski ekki mikil samskipti, en þakklæti og ánægja skein úr augum fólksins þegar það kom um borð.“



Í SJÁLFEHLDU Flóttafólkið hafði setið fast neðan við bratt gil í tvo daga áður en skipverjar á Ægi komu þeim til bjargar. Í hópnum voru tólf börn og tvær ófrískar konur.

MYND/LANDHELGISG/ESLAN

Það var erfitt að komast að þeim þar sem fjaran er stórgrýtt og sjólag fór versnandi eftir því sem á leið.

EINAR VALSSON
SKIPHERRA Á ÆGI

Einar bætir því við að fólkið hafi verið ágætlega á sig komið og hafi átt eftir smáræði af matvælum. Hópurinn var fluttur til hafnarborgarinnar Souda á vesturhluta Krítar og þar tóku Frontex og grísk yfirvöld við fólkinu.

Einar segir Ægismenn ekki hafa lent í viðlíka upptöku síðan þeir hófu störf í Miðjarðarhafi, þeir hafi þó áður bjargað flóttamönnum.



„Manni hlýnar verulega um hjartarætur að geta hjálpað fólki svona, og þetta gefur starfinu mikið gildi,“ sagði Einar að lokum.

thorgils@frettabladid.is



SORG Norskir þingmenn, Haraldur konungur og Hákon krónprins minntust þeirra sem létust í ódæðinu á dögunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingmenn minntust látinna:

Mínútu þögn á Stórþinginu

NOREGUR Norskir þingmenn minntust í gær þeirra 77 sem létust í hryðjuverkum Anders Behring Breivik með einnar mínútu þögn.

Stórþingið kom þá saman í fyrsta skipti eftir ódæðið og las forseti þingsins upp nöfn allra hinna látnu.

Mikil sorg var meðal þingmanna en einnig samhugur. Í ræðu sinni hvatti Jens Stoltenberg forsætisráðherra stjórnmalaleiðtoga til þess að sýna í framhaldinu stillingu í pólitískri umræðu. Stoltenberg tilkynnti að 22. júlí yrði hédan í frá tileinkaður minningu fórnarlambanna. - þj

Lögregla í Evrópu:

Finna nýjar tegundir fíkniefna

DANMÖRK Eiturlyfjaframleiðendur hafa undanfarnin ár þróað nýjar tegundir vímuegja. Nýju efnin koma fram með slíkum hraða að yfirvöld hafa vart við að banna þau, að því er segir í frétt Jótlandsþóstsins.

41 nýtt efni kom inn á borð evrópskra lögreglumanna á síðasta ári. Búið er við að minnsta kosti jafn mörgum tegundum í ár, en árið 2005 fundust 14 ný efni.

Meðal annars er um eftirlíkingar af kannabisefnum að ræða. - þj

Kvikmyndaskólinn gagnrýnir menntamálaráðherra fyrir seinagang í samningum: Þarf 102 milljónir aukalega á ári

MENTAMÁL Framtíð Kvikmyndaskóla Íslands er í uppnámi vegna fjárskorts. Starfsfólk hefur ekki fengið laun sín greidd og samningsleysi við mennta- og menningarmálaráðuneyti gerir það að verkum að skólinn fær ekki bankafyrirgreiðslu og getur ekki greitt laun.

Stjórn skólans gagnrýnir Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra fyrir að ganga ekki frá samningum við skólann áður en hún fór í barns eignarleyfi. Slíkt hafi verið gert við Keili í byrjun maí. Stjórnin segir að neyðarkalli frá skólanum í maí hafi ekki verið svarað. Erindinu hafi verið vísað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, að ósk Katrínar, sem ekki hafi fylgt málinu eftir.

Eliás Jón Guðjónsson, aðstoðarmaður ráðherra, segir að unnið sé að því innan ráðuneytisins að leysa vanda skólans og tryggja hagsmunum nemenda og framtíð kvikmyndamenntunar á Íslandi. „Ráðuneytið gerði skólanum tilboð um miðjan júní sem fól í sér 44% hækkun á framlagi sem skólinn taldi sig ekki geta gengið að.“

Í erindi sem Hilmar Oddsson skólustjóri og Böðvar Bjarki Pétursson stjórnarformaður sendu



HILMAR ODDSSON



ELÍAS JÓN GUÐJÓNSSON

menntamálanefnd um miðjan mars kemur fram að beint framlag til skólans frá ríkinu þurfi að vera 140 milljónir króna á ári. Það var á síðasta ári 38 milljónir en hafði áður verið 40 milljónir. Að auki muni skólinn innheimta skólagjöld, sem nema um 1,2 milljónum króna árlega.

- kóp

HÓPKAUP.IS Í DAG

Bón og þvottur að utan fyrir bílinn

2.450 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð
5.000 kr.

Afsláttur
51%

Afsláttur í kr.
2.550 kr.

50 viðskiptavinir þarf til að virkja tilboðið



Stutt vörulýsing:
Bón og þvottur að utan.
Fólksbíll: 2.450, jepplingur: 2.940 og jeppi: 3.430 kr.

Bónstöð Hafnarfjarðar
Láttu okkur um bílinn.

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hopkaup.is



Bónstöð
Hafnarfjarðar

SUMARDAGAR

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum raf-
magnsrúm í öllum
stærðum!

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg
rafmagnsrúm
á 20% afslætti.



12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

SUMARDAGAR

Frí heimsending á hjónarúmunum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með
hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóðaki?
- Vaknarðu oft með verki í mjóðm?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
 - hryggskekkju
 - brjósklos
 - samföllnum hryggjaliðum
 - spengdum hryggjaliðum
 - gigt, til dæmis:
 - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu



VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



GENGIÐ 29.07.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,73	116,29
Sterlingspund	188,35	189,27
Evra	164,70	165,62
Dönsk króna	22,106	22,236
Norsk króna	21,283	21,409
Svænsk króna	18,150	18,256
Japanskt jen	1,4894	1,4982

SDR 184,91 186,01

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

221,7715

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Uppsagnir hjá HSBC:

Um 30 þúsund missa vinnuna

VIÐSKIPTI Breska bankasamsteypan HSBC mun segja upp 25 þúsund starfsmönnum í tuttugu löndum fram til ársins 2013 í hagræðingarskyni.

Samsteypan tilkynnti þetta í gær þrátt fyrir að hún hefði skilað 11,5 milljarða hagnaði fyrir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins.

Bankasamsteypan hafði þegar tilkynnt að fimm þúsund manns myndu missa vinnuna.

Samtals munu því um tíu prósent starfsmanna HSBC missa vinnuna.

Yfirmenn HSBC segja þó að þeir muni endurráða í einhver störf, þó ekki nema brotabrot af þeim þrjátíu þúsund sem missa vinnuna. - kh

Leituðu tveggja manna:

Ræðarar fóru af áætlaðri leið

LEIT Björgunarsveitir af Vestfjörðum voru kallaðar út klukkan tvö aðfaranótt sunnudags vegna tveggja kajakræðara sem óttast var um.

Kajakræðararnir höfðu skilið eftir ferðaplan og ætluðu að sigla frá Flateyri í Önundarfirði í Staðardal í Súgandafirði og gista þar yfir nóttina.

Sá sem leigði þeim kajakana hafði siglt leiðina og ekki fundið þá. Hann kallaði því eftir aðstoð björgunarsveita og lögreglu.

Eftir um klukkutíma leit fundust ræðararnir við Galtarvita, sem er norðanmegin við Súgandafjörð.

Þeir höfðu þá breytt ferðaáætlun sinni og farið í land við vitann og ætluðu að gista þar. Ekkert amaði að þeim. - kh

Stjórnarherinn í Sýrlandi hélt áfram árásum á borgina Hama í gær:

Talið að um 130 hafi látið lífið

SÝRLAND Stjórnarherinn í Sýrlandi hélt áfram árásum á borgina Hama í gær. Að minnsta kosti sjötíu manns týndu lífinu. Mannréttindasamtök segja að meira en 130 hafi verið skotnir til bana í landinu. Sjónarvottar segja að hermenn hafi framið fjöldamorð á almennum borgurum.

Hama hefur verið á valdi mótmælenda síðustu vikur. Stjórnarhermenn hafa vart hætt sér inn í borgina. Síðustu daga hafa skriðdrekasveitir hins vegar gert árás á borgina og er búið að loka öllum leiðum út úr henni.

Talið er að allt að tvö þúsund almennir borgarar hafi verið skotnir til bana á þeim fjórum mánuðum sem liðnir eru frá því mótmælin hófust. Mannréttindasamtök hafa hvatt vesturveldin til að taka höndum saman og stöðva blóðbaðið í Sýrlandi. Neyðarfundur var boðaður í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í gærkvöldi vegna ástandsins.



ÁRÁSIR Í HAMA Sýrlenski stjórnarherinn hélt áfram árásum á borgina Hama í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pung umferð til borgarinnar:

Flutt á slysadeild eftir bílveltu

SLYS Kona og karl á þrítugsaldri slösuðust í bílveltu á Laugarvatnsvegi á sjötta tímanum í gær.

Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti fólkið á slysadeild Landspítalans í Fossvogi. Fólkið var með meðvitund en ekki er vitað um meisl þess.

Umferð til höfuðborgarinnar var töluverð í gær og þyngdist eftir því sem leið á daginn. Samkvæmt upplýsingum sem fengust hjá lögreglunni á Selfossi og í Borgarnesi dreifðist umferðin vel og engin óhöpp urðu.

Segja þöggun hafa átt sér stað innan íþróttafélaga

Formaður Hnefaleikasambands Hafnarfjarðar segir þöggun hafa átt sér stað innan félagsins þegar fjöldi kvenna sakaði þjálfara um kynferðislega áreitni. Fyrrverandi félagsmaður SH hefur svipaða sögu að segja.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig hefur verið tekið á tilkynningum um kynferðisbrot innan íþróttafélaga?

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) hefur sett nefnd á lagirnir til að móta starfsreglur sem miða að viðbrögðum við ásökunum um einelti og kynferðisbrot. Alls hafa komið inn þrjú mál á borð ÍBH á síðustu þremur árum og í öllum tilvikum var þeim þjálfurum sem komu að máluðum sagt upp störfum. Ekki hafa þó allir sömu sögu að segja. Aðilar hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar (SH) og Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar segja að þöggun hafi átt sér stað innan félaganna og hjá foreldrum nemenda þegar ásakanir á hendur þjálfara tóku að berast.

Róbert McKee, sem var í foreldrafélagi SH, segir að einungis nokkrum mánuðum eftir að nýr yfirþjálfari tók við árið 2004 hafi kvartanir tekið að berast frá nemendum vegna kynferðislegs áreitnis af hálfu þjálfarans. Kvenkyns nemendur sökuðu manninn um að strjúka þeim og koma með óviðeigandi ummæli undir því yfirskini að hann væri að nudda þær.

„Margir krakkar hættu,“ segir Róbert. „Og menn tóku ekki á því. Stjórnin vildi vinna málið innan frá.“ Róbert segir að þrátt fyrir ásakanirnar hafi viðbrögðin verið á þá leið að aðferðir mannsins hlytu bara að vera viðtekin venja í hans landi og fólk þyrfti bara að taka því.

„En það eru jú lög á Íslandi sem ber að fylgja og ef við verðum vis



HAFNARFJARÐARBÆR Að minnsta kosti þrjú kynferðisbrotamál innan hafnirskra íþróttafélaga hafa komið inn á borð ÍBH á síðustu þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Við þurftum að verja ákvörðun okkar um að láta hann fara. Fólki nægði ekki að heyra að hann var að áreita konur.

ÁGÚSTA HERA BIRGISDÓTTIR FORMAÐUR HNEFALEIKASAMBANDS HAFNARFJARÐAR

að einhverju svona ber okkur að tilkynna það, sem ég og gerði. Það var okkar skylda að gæta hagsmuna barnanna.“ Róbert tilkynnti málið til barnaverndaryfirvalda og annarra stofnana bæjarins. Hann segist sjálfur nánast hafa verið lagður í einelti eftir að hafa fylgt málinu eftir, menn hafi viljað þagga það niður frá upphafi.

Þjálfarinn var að lokum til-

kynntur til lögreglu eftir að upp komst um samband hans við sautján ára nemanda sinn. Hann var þá kallaður á fund stjórnar SH, þar sem honum var vikið úr starfi. Hann hafði þá unnið sem yfirþjálfari hjá félaginu í fjögur ár.

Margt er líkt með máli sundþjálfarans og því sem upp kom hjá Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar árið 2008. Hnefaleikaþjálfari, erlendum maður á fertugsaldri, var ráðinn til félagsins árið 2005 og segir Ágústa Hera Birgisdóttir, formaður félagsins, kvartanir af hálfu nemenda hafa tekið að berast fljótt. Tvær fjórtán ára stúlkur hjá félaginu kærðu manninn fyrir kynferðislega áreitni skömmu eftir að hann hóf störf. Manninum var þá vikið tímabundið úr starfi á meðan lögreglan rannsakaði

málið, sem að lokum var látið niður falla.

Ágústa segir að krafa foreldra innan félagsins um að fá manninn aftur til starfa hafi verið slík að farið hafi verið af stað með undirskriftalista til stuðnings honum.

„Hann fór aftur að þjálfa hjá okkur. Svo fór að berast orðrómur um fleiri konur sem hann áreitti,“ segir Ágústa. „Ég fór að spurjast fyrir og endaði á því að fá nöfn um fimmtán kvenna.“

Ágústa tilkynnti málið til forsvarsmanna félagsins og var maðurinn þá látinn fara í annað sinn.

„Viðbrögðin frá foreldrum og eldri iðkendum voru ótrúleg,“ segir Ágústa. „Við þurftum að verja ákvörðun okkar um að láta hann fara. Fólki nægði ekki að heyra að hann var að áreita konur.“

Ágústa hefur svipaða sögu að segja og Róbert, en fólk byrjaði að snúast gegn henni í kjölfar málsins og reyndi að réttlæta gjörðir mannsins með því að bera við menningarlegum mun. Hún segir eggjum hafa verið kastað í hús sitt og nafnlausar símhringingar hafa borist henni á nóttunni.

Hrafnkell Marinósson, formaður ÍBH, staðfestir að bæði málin hafi komið inn á borð til þeirra.

„En það má segja að mál SH hafi hrundið af stað þeirri vinnu sem við höfum unnið í tvö ár,“ segir Hrafnkell. „Fólk áttar sig nú á því að hér er teymi sem er tilbúið að taka á svona málum. Svona hegðun á maður ekki að sætta sig við,“ segir Hrafnkell.

sunna@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

VÍÐA RIGNING

Flestir landshlutar fá einhvern skammt af vætu í vikunni. Blautast verður á norðan til á landinu í dag en þar léttir til á morgun og má þá búast við skúrum sunnan- og vestanlands. Lítur út fyrir rigningu austanlands á fimmtudag.

Á MORGUN 5-10 m/s.

FIMMTUDAGUR 3-8 m/s, en 8-15 við SA-ströndina.

HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	29°
Berlín	25°
Billund	25°
Frankfurt	27°
Friedrichshafen	28°
Gautaborg	23°
Kaupmannahöfn	23°
Las Palmas	25°
London	26°
Mallorca	29°
New York	32°
Orlando	33°
Ósló	24°
París	28°
San Francisco	22°
Stokkhólmur	20°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



**30%
afsláttur**

Límbo 3ja sæta leðursófi áður kr. 289.900 nú kr. **199.900** / 2ja sæta leðursófi áður kr. 257.300 nú kr. **179.900**



30%

Oxford leðursófi 226 cm áður kr. 347.900 nú kr. **247.900**



20%

Fama 4ra sæta sófi 257 cm - áður kr.248.800 nú kr. **199.000**



30%

fleiri litir í boði

Hopper vasi 50 cm áður kr. 8.450 nú kr. **5.900**



allar klukkur

20%

Mr. White 50 cm áður kr. 28.900 nú kr. **23.000**



20%

Verdi leðurstóll áður kr. 136.900 nú kr. **109.500**



allir púðar á afslætti

20%

Blanch púðar áður kr. 6.750 nú kr. **5.400**

ÚTSALA



20%

Rand vasi 35 cm áður kr. 7.500 nú kr. **5.990**



25%

Brúnn / svartur

Metro leðurstóll áður kr. 121.900 nú kr. **91.400**



25%

Kent leðurstóll áður kr. 152.600 nú kr. **114.400**

10% afsláttur af öllum vörum í versluninni sem ekki eru á útsölu



20%

Jazz 3ja áður kr. 195.200 nú kr. **156.000** 2,5 áður kr. 181.200 nú kr. **144.900**



20%

Valencia sófi 266x168 cm - áður kr. 439.800 nú kr. **351.800**

LÍNAN

Bæjarlind 16 - 201 Kópavogur - Sími 553 7100 - www.linan.is - Ópið mán til fös 12 - 18 Laug 11 - 16

VERSLUNARMANNAHELGIN

Þúsundir á faraldsfæti um helgina

Tugþúsundir Íslendinga lögðu land undir fót um verslunarmannahelgina. Flestir voru á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og á Einni með öllu á Akureyri. Tugir fíkniefnamála komu upp, fimm nauðgunarmál komu upp í Eyjum og eitt á Akureyri. Nokkrar líkamsrásir kærðar.

Fjöldi fólks skemmti sér víðs vegar um landið um mestu ferðahelgi sumarsins. Veðrið lék misvel við landsmenn en verst var veðurspáin á Suðurlandi. Það setti hins vegar ekki strík í reikninginn fyrir Þjóðhátíðina í Vestmannaeyjum, sem var sú þriðja stærsta frá upphafi. 40 fíkniefnamál, sjö líkamsrásir og tvær nauðganir höfðu verið kærðar til lögreglunnar í Eyjum í gær en 14 þúsund manns voru þegar mest var í Vestmannaeyjum.

„Hér eru allir mjög sáttir og vil ég koma á framfæri þakklæti til þjóðhátíðargesta sem létu hvassviðri og rigningu ekki á sig fá og skemmtu sér hið besta í dalnum,“ segir Tryggvi Már Sæmundsson hjá Þjóðhátíðarnefnd. Að venju var brekkusöngur Árna Johnsen hápunkturinn á sunnudagskvöldinu og svo tók Páll Óskar við og hélt uppi stuðinu í Herjólfssdal til klukkan fimm um morguninn.

Lögreglan á Ísafirði var almennt ánægð eftir helgina en þar fór fram hið árlega Mýraboltamót. Talsverð ölvun var þó í bænum á sunnudagskvöldið en um átta hundruð manns voru skráð til leiks og annar eins fjöldi að horfa á. Ein líkamsrás, tvö tilvik fíkniefnaaksturs og einn ölvunar-

akstur var skráður hjá lögreglunni á Ísafirði yfir helgina.

Jóhann Bæring, einn skipuleggjenda Mýraboltans, segir met hafa verið í slegið í þátttöku í mótnu í ár. „Við erum mjög ánægðir með gesti og þetta fór allt saman vel fram enda mikil veðurbliða hjá okkur alla helgina.“ Aðskilnaðarsamtök Vestfjarða fór með sigur af hólmi í karlaflokki Mýraboltans en þetta er þriðja árið röð sem liðið sigrar. Í kvennaflokki unnu FC Drulluflokkar.

Um tólf þúsund manns sóttu Akureyri heim um helgina og var viðstatt fjölskylduhátíðina Ein með öllu. Talsverður erill var hjá lögreglunni á Akureyri en tvær líkamsrásir höfðu verið kærðar og eitt kynferðisbrotamál komið inn á neyðarmóttöku Sjúkrahúss Akureyrar.

Skúli Gautason, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, var heilt yfir sáttur við hátíðina og segir flugeldasýninguna á sunnudagskvöldinu magnaða. „Þetta var eins og best verður á kosið. Á sunnudagskvöldið var botninn sleginn í hátíðina með flugeldasýningu þar sem í fyrsta sinn var skotið af palli í sjónum. Það var algerlega magnað.“ alfrun@frettabladid.is



Í RAUDUM BLÆ Þjóðhátíðargestir fögnuðu gríðarlega þegar blysin voru tendruð í Herjólfssdal enda tilkomumikil sjón.



STEMNING Í TJÖLDUNUM Veðrið gerði það að verkum að gestir Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum leituðu sér skjóls inn í tjöldin en þar var mikil gleði eins og sjá má á þessari mynd.



Á SÍNUM STAÐ Hápunktur Þjóðhátíðar í Eyjum var brekkusöngur Árna Johnsen sem glamraði á gítarinn fyrir fjórtán þúsund áhorfendur í Herjólfssdal.



DRULLUSVAÐ Það er enginn hæðarleikur að koma boltanum milli manna í drullusvaði en þessar stúlkur reyndu sitt besta á Mýraboltamótnu á Ísafirði.



Í POLLAGÖLLUM Þjóðhátíðargestir voru klæddir eftir veðri í Herjólfssdal enda setti rigning svip sinn á hátíðina.



GLEÐI Á AKUREYRI Botninn var sleginn í fjölskylduskemmtunina Eina með öllu á Akureyri með flugeldasýningu sem 10-12 þúsund manns fylgdust með.

Ókeypis heyrnarmæling

Pantaðu tíma í ókeypis heyrnarmælingu og leyfðu okkur að leiðbeina þér við val á heyrnartækjum með allt að fjögurra ára ábyrgð.

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin • Kringlunni
Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is





AEG

LN-58460 Þvottavél
 Vönduð þvottavél frá AEG með 1400 snúninga vinduhráða og 6 kg. hleðslugetu.

- ✓ Hægt að ræsa vélna 3/6 eða 9 klst fram í tímann
- ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. ullarkerfi og handþvottakerfi og ofnæmisskolun
- ✓ Áfangabeytinda og mishleðsluskynjun
- ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- ✓ Verð áður kr 119.900

1400 SNÚNINGA



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
89.900
 SPARAÐU 30.000



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
79.900
 SPARAÐU 30.000

ZANUSSI

ZTE-130 Barkalaus þurrkari
 Barkalaus þurrkari með fullkomnum rakaskynjara og fjölmörgum sérkerfum fyrir mismunandi fatnað

- ✓ Tekur allt að 6 kg af tauti
- ✓ Mörg sérkerfi fyrir bómullar- og gerviefni
- ✓ Stór lúga 40x31,5 cm
- ✓ Krumpuvörn og niðurkæling
- ✓ Snýst til beggja átta
- ✓ Hljóðmerki í lokin
- ✓ Hægt að stilla gangsetningu fram í tímann 3, 6 eða 9 klst.
- ✓ Verð áður kr 109.900



ZANUSSI

ZDF-2010 Uppþvottavél
 Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum

- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- ✓ Hægt að þvo hálfá vél í einu
- ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ An toppplötu
- ✓ Verð áður kr 109.900

AAA EINKUNN



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
74.900
 SPARAÐU 35.000

AAA EINKUNN



Electrolux

ESF-66814XR Uppþvottavél
 Toppmódel frá Electrolux. XXL að innan, pláss fyrir allt að 34 cm diska, potta og ádra stóra hluti.

- ✓ Ofurhljódlát, aðeins 45 dB(A)
- ✓ Nýr byltingarkenndur þvottaarmur
- ✓ 7 þvottakerfi þ.á.m. 2 hraðkerfi, glasakerfi og pottakerfi
- ✓ Sjálfvirk kerfi 45-70°C
- ✓ Margbreytandleg innrétting
- ✓ DryTech öflug þurrkun
- ✓ Stjórnborð falið að ofanverðu
- ✓ Sérlega orkusparneytin
- ✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ Fingrafararfrítt stál
- ✓ Verð áður kr 169.900

TOPPMÓDEL

XXL AÐ INNAN

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
139.900
 SPARAÐU 30.000



VERÐVAKT RAFHA

KÝLUM NIÐUR

VERÐIÐ

%

VERÐVAKTIN
 Við fylgjumst grannt með keppinautum okkar og höfum lækkað verðið!



1800W MÓTOR

HEPA SÍA

Electrolux

ZP-3520 Ryksuga
 Létt og kraftmikil ryksuga með 1800W með gúmmihjólum

- ✓ HEPA öragnasía
- ✓ Vinnuradius 9 metrar
- ✓ Verð áður kr 19.900

Electrolux

EMS-21400S Örbylgjuofn
 Flottur silfurlitadur örbylgjuofn með mörgum stillingum með eða án grills

- ✓ 800W örbylgjuofn
- ✓ 1000W grill sem gefur matnum brúna og fallega áferð
- ✓ Stór 27 cm snúningisdiskur
- ✓ Klukka og skjár
- ✓ Verð áður kr 34.900

1000W GRILL



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
22.900
 SPARAÐU 12.000

TOPPMÓDEL

9.990
 34% AFSLÁTTUR

Electrolux

ESTM-4200 Töfrasproti
 Vandaður töfrasproti með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótör. Stálfótur sem þolir að fara í heitan pott. Þeytari, hakkari og skál fylgir. Verð áður kr 14.990

NÝ SENDING!



Electrolux

ESB-4600 Blandari
 Byltingarkenndur ofurhljódlátur blandari með kraftmiklum 600W mótör. Þríhyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís létt. Verð áður kr 21.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
14.900
 32% AFSLÁTTUR

Powermix SILENT
 The quietest blender ever by Electrolux

Electrolux

ENB-24100W Kæli- og frystiskápur
 Hér þarftu aldrei aftur að affrýsta frystinn. Hann sér um það sjálfur.

- ✓ 165 lítra kæli og 55 lítra frystir (nettó)
- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli og frysti
- ✓ Björt lýsing
- ✓ HxBxD 168x55x60 cm
- ✓ Verð áður kr 149.900

168 CM HÁR

105 CM HÁR

125 CM HÁR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
69.900
 SPARAÐU 10.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
79.900
 SPARAÐU 10.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
99.900
 SPARAÐU 50.000

NÝTT!

SJÁLFVIRK AFFRÝSTING Í FRYSTI

Electrolux

ERC-19002 & ERC-24002 Kæliskápur
 Með vönduðum 18 lítra 4" frystihólfi

- ✓ Orkuflokkur A+
- ✓ Vönduð innrétting með glerhillum
- ✓ HxBxD 105 / 125 x 55 x 58 cm
- ✓ Verð áður kr 79.900 / 89.900



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
54.900
 SPARAÐU 10.000



exquisit

EKC-30F Keramik helluborð
 Með snertitökum og barnalæsingu.

- ✓ 4 hellur þ.á.m. 1 stór 21 cm hella
- ✓ Engin stálkantur. Auðveldari þrif
- ✓ Verð áður kr 64.900

XXL OFN



NÝTT!

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
124.900
 SPARAÐU 25.000

Rafha ehf

Opið
 virka daga 10-18
 Lokað laugardaga
 í júlí og ágúst

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
 Sími 5880500
www.rafha.is

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvar fór ungmennalandsmót UMFÍ fram um helgina?
2. Hvar fannst tafmaður fyrir skömmu sem talinn er að hafi verið skorinn út á 12. eða 13. öld?
3. Hvaða söngkona ýtti Bubba Morthens út í sálarlónlistina?

SVÖR:

1. Egilsstöðum. 2. Siglunesi við Sigluför.
3. Amy Winehouse.

8

El Diego, leiðtogi mexíkóskra glæpasamtaka, handtekinn á föstudag:

Játar aðild að 1.500 morðum

MEXÍKÓ Leiðtogi glæpasamtaka í Mexíkó hefur viðurkennt að hafa átt aðild að 1.500 morðum. Stjórnvöld í Mexíkó höfðu heitið 140 milljónum til höfuðs honum.

Jose Antonio Acosta Hernandez, sem yfirleitt er kallaður El Diego, var handtekinn á föstudag og við yfirheyrslur viðurkendi hann að hafa myrt eða fyrirskipað morð á um 1.500 einstaklingum á undanförunum árum. Hernandez fer fyrir glæpasamtökunum La Linea í norðurhluta Mexíkó. Hann er fyrrverandi lögreglumaður.

Hernandez er meðal annars sagður hafa fyrirskipað morð á bandarískum ræðismanni, Lesley Enriquez, og eiginmanni hennar sökum þess að hún hafi veitt andstæðingum hans vegabréf í landamæraborginni Ciudad Juarez.

Enriquez var gengin fjóra mánuði með barn þeirra hjóna, en þau voru bæði skotin til bana í bifreið sinni á leið heim úr afmælisveislu. Sjö mánaða gömul dóttir þeirra fannst grátandi í aftursætinu í kjölfarið.

- kh



EL DIEGO Leiðtogi glæpasamtakanna La Linea hefur viðurkennt að hafa átt þátt í 1.500 morðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dægursveiflur í rennsli Skaftár:

Rennslið allt að 350 rúmmetrar

NÁTTÚRAN Rennsli Skaftár heldur áfram að sveiflast til. Frá því að hlaupið hófst í síðustu viku hafa verið talsverðar dægursveiflur og því er ekki hægt að segja til um hvort hlaupið hafi endanlega náð hámarki sínu eða hvort því ljúki fljótlega.

Á miðnætti var rennslið tæplega 350 rúmmetrar á sekúndu en var í gærðag um 330 rúmmetrar.

Í hlaupinu í Skaftá í fyrra var rennslið þegar það var mest um 600 rúmmetrar á sekúndu.

Krafa um enn stærri reiðhöll Gusts seinkar framkvæmdum

Krafa Hestamannafélagsins Gusts um stærri reiðhöll veldur töfum á framkvæmdum. Bæjaryfirvöld segja að taka verði mið af efnahagsástandinu. Formaður Gusts segir félagið vilja fá að koma að hönnun.

SKIPULAGSMÁL Hestamannafélagið Gustur vill að staðið verði við samkomulag um að Kópavogsbær reisi reiðhöll sem sé 80x36 metrar. Kópavogsbær hefur samþykkt að kanna

kostnað við byggingu slíkrar reiðhóllar, en einnig við höll sem verði 64 x 34 metrar. Guðríður Arnardóttir segir að í raun hafi yfirvöld hafnað stærra húsinu.

GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR Líkt og Fréttablaðið greindi frá í hefur bæjarfélagið keypt hesthús af eignum í Glæðheimum og hafa hesthúsin verið flutt að Kjóavöllum. Samningur var gerður við Hestamannafélagið Gust um að bærinn tæki yfir eignir félagsins, en reisti í staðinn nýja aðstöðu að Kjóavöllum. Það hefur ekki verið gert.

Guðríður segir að það skýrist af efnahagshruninu, bærinn geti einfaldlega ekki tekið lán fyrir framkvæmdum en þurfi að nýta rekstrarfé til þeirra.

„Dráttur á því að framkvæmdir hafi hafist á Kjóavöllum er meðal annars tilkominn vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag um stærð reiðhóllarinnar, en í fjárhagsáætlun ársins 2011 var gert ráð fyrir að bygging hennar mundi hefjast á árinu.“

Hermann Vilmundarson, formaður Gusts, segir hugmyndir um annað hús stangast á við samninginn. „Þetta snýst fyrst og fremst um að bærinn er að brjóta samninga sem hafa verið gerðir.“ Hann segir að vel geti málið endað í minni reiðhöll, en félagið vilji fyrst og fremst koma að hönnun. „Ég á nú eftir að sjá þá reisa þessa reiðhöll.“

Guðríður segir að þegar fjármunir séu af skornum skammti verði bæjaryfirvöld að fara vel með þá, enda sé það skylda þeirra að gæta hagsmuna allra bæjarbúa. „Það er okkar mat að miðað við aðstæður og efnahag séum við að koma verulega til móts við Hestamannafélagið Gust, enda ljóst að þær áætlanir sem menn höfðu árið 2007 geta engan veginn staðist í dag í breyttu umhverfi.“



KJÓAVELLIR Styr stendur um stærð fyrirhugaðrar reiðhóllar Gustsmanna að Kjóavöllum. Sætti þeir sig við minna hús geta framkvæmdir hafist í haust. Framkvæmdir hafa staðið yfir á svæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Samningaviðræður eru í gangi á milli bæjarins og hestamannafélagsins, en Guðríður segir töluvert bera á milli hugmynda um stærð hússins.

Samkvæmt samningum átti einnig að reisa skeiðvöll við húsið,

en Guðríður bendir á að fyrir á svæðinu séu skeiðvellir í eigu hestamannafélagsins Andvara, sem er úr Garðabæ. Frá árinu 2006 hafi staðið til að hestamannafélögin á Kjóavöllum sameinist.

kolbeinn@frettabladid.is



BÁTURINN Sjálfbóðaliðar og læknar hlúðu að flóttamönnum eftir að báturinn lagðist að bryggju við eyjuna Lampedusa.

NORDICPHOTOS/AFP

Stöðvaði flóttamenn frá Afríku: 25 flóttamenn létust um borð

ÍTALÍA Ítalska strandgæslan fann lík 25 manna um borð í bát sem flutti flóttamenn frá Líbíu til ítölsku eyjarinnar Lampedusa. Alls komst 271 flóttamaður lífs af með bátinum, sem er ekki nema fimmtán metrar á lengd. Lík manna 25 fundust í vélarrými bátsins, en talið er að þeir hafi kafnað.

Þúsundir flóttamanna frá Norður-Afríku hafa komið á eyjuna á síðustu vikum.

Ítalskir fjölmiðlar segja að fólkið hafi reynt að komast út úr vélarrúminu en án árangurs. - kh

HEITAR LAUGAR Á ÍSLANDI

KOMIN AFTUR Í BÚÐIRNAR

Þriðja prentun.

Ein vinsælasta útivistarbókin á síðustu árum.



FJALLASKÁLAR Á ÍSLANDI – Nauðsynlegur ferðafélagi í óbyggðum Íslands.

SKRUDDA

Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík – skrudda@skrudda.is – www.skrudda.is



OLÍUFLUTNINGAR Farmflutningabílur sem gefa frá sér koltvísýring skal útrýmt úr evrópskum borgarsamfélögum fyrir árið 2030.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ESB gefur út hvítbók í samgöngumálum:

Bensínbílar fari úr borgum árið 2050

SAMGÖNGUR Evrópusambandið hefur gefið út hvítbók í samgöngumálum og vinna EFTA-ríkin nú sameiginlega að umsögn um hana. Í hvítbókinni er að finna tíu leiðir sem unnið verður að til að ná markmiðinu um samkeppnishæft samgöngukerfi, sem nýtir endurnýjanlega orkugjafa. Markmiðið er að ná takmarkinu um sextíu prósent samdrátt útblásturs.

Meðal þeirra leiða má nefna þróun og nýtingu nýs og sjálfbærs eldsneytis og knúningskerfa. Í því skyni á að fækka ökutækjum sem nýta sér hefðbundna orkugjafa um helming til ársins 2030 og útrýma þeim úr borgarsamfélögum fyrir árið 2050. Farmflutningabílur sem gefa frá sér koltvísýring á

hins vegar að útrýma úr borgarsamfélögum fyrir árið 2030.

Endurnýjanlegt flugvélaeldsneyti á að nema fjórutíu prósentum fyrir árið 2050 og minnka á útblástur koltvísýrings frá skipum um allt að fjórutíu prósent á sama tíma.

Samkvæmt hvítbókinni á einnig að auka nýtingu samtengdra og orkusparandi flutningakerfa, svo sem járnbrauta og skipa.

Ætlunin er að koma á nýju flugleiðsögukerfi (SESAR) innan Evrópu fyrir árið 2020 og einnig á sameiginlegu evrópsku flugsvæði.

Þeir sem það vilja geta sent inn athugasemdir við umsögn EFTA-ríkanna til innanríkisráðuneytisins.

- kóp



KING KOIL
 Queen Size rúm (153x203 cm)
 FULLT VERÐ 163.600 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
99.800 kr.
 ÞÚ SPARAR 63.800 kr.

30 TIL
70%
AFSLÁTTUR

KING KOIL
 King Size rúm (193x203 cm)
 FULLT VERÐ 264.223 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
169.900 kr.
 ÞÚ SPARAR 94.323 kr.



rekkjan

Barnasæti

FASTUS

Fyrir börn frá 6 mánaða - 5 ára
Hægt að leggja saman og taka með

Verð frá
16.900



Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

**VARÐANDI IRISH LIFE AND
PERMANENT GROUP
HOLDINGS PLC („ILPGH“) og
IRISH LIFE AND PERMANENT
PLC („ILP“) og
ÍRSKU LÖGIN UM
LÁNASTOFNANIR
(CREDIT INSTITUTIONS
(STABILISATION) ACT 2010)
(„lögin“)**

Yfirréttur Írlands á sviði einkamálaréttar (The High Court of Ireland) kvað upp eftirfarandi úrskurð með fyrirmælum hinn 26. júlí 2011 í samræmi við 9. gr. laganna:

Félaginu ILPGH er gert *inter alia* að gera vissar ráðstafanir til að gera fjárfestingu írska fjármálaráðuneytisins („ráðuneytisins“) að fjárhæð allt að €3.800.000.000 evra í ILPGH mögulega, þ.m.t., án þess að takmarkast við, að heimila aukningu á almennu hlutfé ILPGH og breyta útgefnu hlutfé og heimilu en óutgefnu hlutfé, taka upp nýjar samþykktir og breyta stofnsamningi félagsins, gefa út og afhenda ráðuneytinu almenn hlutabréf í ILPGH og ganga til tiltekinna samninga við ILP og aðra aðila til að greiða fyrir fjárfestingunni.

Félaginu ILP (sem er lánastofnun með starfsleyfi á Írlandi) er gert *inter alia* að gera vissar ráðstafanir í tengslum við ofangreinda fjárfestingu ráðuneytisins, þ.m.t. að gefa út skilyrt skuldabréf (e. contingent capital notes) til handa ráðuneytinu og ganga til tiltekinna samninga við ILPGH og aðra aðila til að greiða fyrir fjárfestingunni.

Dómstóllinn lýsti því *inter alia* yfir að úrskurðurinn og hver hluti hans að því leyti sem hann snýr að og er kveðinn upp í tengslum við ILP er endurskipulagningarráðstöfun í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001.

Samkvæmt 11. gr. laganna er heimilt að leggja fram beiðni um að víkja til hliðar úrskurðarfyrirmælunum, með þeim skilmálum sem lögin kveða á um, til yfirréttar Írlands á sviði einkamálaréttar (the High Court of Ireland, at the Four Courts, Inns Quay, Dublin 7, Írlandi) ekki síðar en 5 virkum dögum eftir uppkvaðningu úrskurðarins. Samkvæmt 2. tl. 64. gr. laganna er ekki unnt að áfrýja úrskurðarfyrirmælunum til hæstaréttar Írlands nema með heimild yfirréttarins.

Eintök af úrskurðinum í heild eru fánleg frá skrifstofu yfirréttarins með því að senda tölvupóst á listroomhighcourt@courts.ie

Fyrirverandi félagi í Baader-Meinhof situr í fangelsi fyrir að afneita Helförinni:

Grunaður um vinnu fyrir Stasi

ÞÝSKALAND Horst Mahler, þýskur lögfræðingur sem sat í fangelsi vegna tengsla við Rauðu herdeildirnar í V-Þýskalandi, er nú grunaður um að hafa verið njósnari fyrir Stasi. Mahler situr nú í fangelsi fyrir að afneita því að Helförin hafi átt sér stað.

Mahler er einn stofnandi herdeildanna, sem eru einnig þekktar sem Baader-Meinhof. Hann sat inni vegna tengsla við hryðjuverkasamtökin, sem voru flokkuð til vinstri á litrófi stjórnmalanna. Í fangelsi varð hann maóisti, en á síðari árum hefur hann orðið



HORST MAHLER

kunnur málsvari hægrihægri- aðra þjóðernissinna.

Samkvæmt frétt í Guardian benda gögn um morðið á Benno Ohnesorg árið 1967, bendir nú allt til að Mahler hafi verið á mála hjá austur-þýsku leynilögreglu Stasi. Fyrir hefur komið fram að lögreglumaðurinn sem skaut Ohnesorg, Karl-Heinz Kurras,

var á mála hjá Stasi. Mahler var lögmaður ekkju Ohnesorg í máli hennar gegn ríkinu.

Morðið á Ohnesorg vakti bylgju mótmæla í V-Þýskalandi og víðar. Hann tók þátt í mótmælum gegn komu Íranskeisara. Um fyrstu pólitísku mótmæli Ohnesorg var að ræða. Eftir átök útsendara keisarans og mótmælenda sauð upp úr og Kurras, sem þá var í borgaralegum klæðum, skaut Ohnesorg til bana.

Morðið varð kveikja vinstribylgju víða um heim og vitnuðu hryðjuverkamenn oftast en ekki til þess.

- lóp

Annie Mist hraustasta kona í heimi

„Lífið hefur verið crossfit,“ segir hin 21 árs gamla Annie Mist Þórisdóttir sem stefnir á að koma íþróttinni í Íþróttasamband Íslands. Hún fékk 29 milljónir íslenskra króna fyrir sigur á Heimsleikunum í Kaliforníu um helgina.

ÍÞRÓTTIR Annie Mist Þórisdóttir gerði sér lítið fyrir og vann Heimsleikana í Crossfit um helgina í Home Depot Center í Carson í Kaliforníu. Sigur Annie var einkar glæsilegur en hún fékk 842 stig en heimsmeistari síðasta árs, Kristan Clever, varð önnur með 799 stig.

Annie og Clever voru hlið við hlið í brautinni í þremur síðustu greinunum og því mikil keppni þeirra á milli en stutt hvíld var á milli hverrar greinar í lokin. „Ég vissi að ég var með ellefu stiga forskot þegar við fórum inn í síðustu keppnina. Ég hugsaði ekki um annað en að vinna hana í öllum greinunum í lokin og mér tókst það,“ sagði Annie í samtali við Fréttablaðið frá Bandaríkjunum skömmu eftir að hún vaknaði en þá var sigurinn enn að síast inn.

„Mér líður ótrúlega vel. Það er erfitt að lýsa því. Maður er himinlifandi, það er ótrúleg tilfinning að ná þessum áfanga,“ sagði Annie, sem fór með það markmið til Bandaríkjanna að vinna mótið þó hún segist ekki hafa búist beinlínis við því að sigra.

„Maður er búinn að leggja gífurlega mikið á sig, síðasta árið sérstaklega. Ég náði öðru sæti í fyrri og þá fór maður að hugsa að maður ætti séns og þá leggur maður allt í þetta. Ég er með tvo erlenda þjálfara og fylgi æfingaráætlun frá þeim. Ég æfi á morgnana og seinni partinn og síðan er ég líka að kenna crossfit þannig að lífið hefur verið crossfit síðasta árið.“

„Aðstæður til æfinga í Boot Camp eru alveg nógu góðar fyrir þetta ef maður tekur nóg á,“ sagði Annie hlæjandi og bætti við: „Ég er í miklu sambandi við þjálfarana mína erlendis og hef farið út til að hitta þjálfara sem mig hefur



LOKAÁTÖKIN Annie Mist Þórisdóttir sést hér taka vel á því í síðustu greininni þar sem hún tryggði sér sigurinn.

MYND/DADI HRAFN SVAINBJARNARSON

„Ætli ég þurfi ekki bara að stefna að því að verða fyrsta manneskjan til að vinna tvö ár í röð.“

ANNIE MIST ÞÓRISDÓTTIR

vantað að hitta, þjálfara í ólympískum lyftingum og fleiru,“ sagði Annie, sem er með samning við Reebok sem fjármagnaði þátttöku hennar í Heimsleikunum.

„Áður en ég náði samningi við Reebok fór ég víða að reyna að safna styrkjum þar sem ÍSÍ hjálpaði ekkert og það er erfitt að fá styrki frá fyrirtækjum þegar

íþróttin er ekki innan ÍSÍ. Þess vegna hef ég skoðað leiðir til að komast inn í ÍSÍ, bæði í gegnum frjálsar íþróttir eða lyftingasambandið, og vonandi á það eftir ganga eftir einhvern tímann. Þetta er íþrótt,“ sagði Annie Mist. Allir keppendur fóru í lyfjapróf að mótinu loknu að sögn Annie, sem er hvergi hætt enda aðeins 21 árs gömul.

„Ætli ég þurfi ekki bara að stefna að því að verða fyrsta manneskjan til að vinna tvö ár í röð. Ég veit ekki hvert ég stefni en á meðan ég hef svona gaman af crossfit þá held ég áfram.“

- gmi

Fjórtaða unglíngalandsmót UMFÍ fór fram á Egilsstöðum um helgina:

Veðurlíðan lék við gesti

HÁTÍÐARHÖLD Milli tíu og tólf þúsund manns nutu veðurlíðunnar á Egilsstöðum um helgina þar sem Unglíngalandsmót UMFÍ fór fram.

Lögreglan í Fjarðabyggð segir hátíðina hafa farið vel fram en helst þurfti að hafa eftirlit með umferðinni, sem var mikil.

Björn Ármann Ólafsson, formaður unglíngalandsmótsnefndar, var glaður með hvernig til tókst um helgina: „Það var helst að gestir kvörtuðu yfir of miklum hita en hann fór upp í 23 stig á laugardegnum.“

1.240 krakkar voru skráðir til leiks á mótinu, sem lauk með flugeldasýningu á sunnudagskvöldið. Um 200 börn tóku þátt í sérstakri skemmtun fyrir tíu ára og yngri, Vilhjálmsleikunum, en það voru synir Vilhjálms Einarssonar sem sáu um keppnina.

Öll tjaldsvæði á Egilsstöðum og nágrenni voru full og fór allt fram með besta móti. „Þetta er fjölskylduskemmtun og ég hef ekki orðið var við nein læti hér. Hér var fólk almennt að njóta sín saman,“ segir Björn.

- áþ



STOKKIÐ Í GÓÐA VEÐRINU Um tólf þúsund manns voru samankomnir í blíðskaparveðri á Egilsstöðum um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vinnueftirlitið skoðar möguleg brot fiskvinnslufyrirtækja eftir nokkur slys:

Unglingar slasast við vélar í fiskvinnslu

SLYS Fjórir unglingar hafa slasast í fiskvinnslufyrirtækjum á undanföllum vikum, þar af slasaðist einn alvarlega á hendi. Í kjölfar þessara slysa og ábendinga vegna meintra brota á ákvæðum reglugerðar um vinnu barna og unglunga hefur Vinnueftirlitið tilkynnt fiskvinnslufyrirtækjum að þau geti átt von á að störf og starfsskilyrði ungmenna verði könnuð á næstunni. Jafnframt að búast megi við kærnu komi í ljós að um brot á reglugerðinni sé að ræða.

„Við höfum lagt áherslu á að vekja athygli á reglugerðinni og kynnt hana á vinnustöðum og í skólum auk þess sem við höfum reynt að ná til foreldra. Samkvæmt reglugerðinni mega krakkar ekki vinna við vélar sem eru


með hraðgengum hlutum,“ segir Þórunn Sveinsdóttir, deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu.

„Það skiptir gríðarlega miklu máli að börn og unglingar séu ráðin í störf sem hæfa þeirra líkamlega og andlega þroska,“ bætir hún við.

Um þar síðustu helgi lenti 14 ára unglingur með höndina í tromlu í marningsvél í fiskverkun Godthaab í Nöf í Vestmannaeyjum. Neyðarstoppið virkaði ekki rétt en nærstaddir starfsmaður gat stöðvað vélinu, að sögn Tryggva Kr. Ólafssonar, rannsóknarfulltrúa hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum. „Húðin af handarbakinu flettist af og líklega eru tveir fingur skaddaðir,“ segir Tryggvi. - ibs



VIÐ FISKVINNSLU Fjórir unglingar hafa slasast í vinnu í fiskvinnslufyrirtækjum upp á síðkastið.



DANSAR Engu er líkara en þessi pelikani stigi dansspor í dýragarðinum í Prag, en líklega verður að telja að hann sé að teygja sig.

NORDICPHOTOS/AFP

Breytingar í stjórn Iceland:

Gunnar vísur úr stjórninni

VIÐSKIPTI Gunnar Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Baugs, hefur verið beðinn um að víska úr stjórn Iceland Foods. Breska blaðið Sunday Telegraph segir að skilanefnd Landsbankans, sem á um 67 prósent hlut í Iceland, muni skipa Lárentsínus Kristjánsson í stjórnina í stað Gunnars. Lárentsínus er formaður skilanefndar Landsbankans.

Eins og kunnugt er stendur til að selja hlut skilanefndar Landsbankans í Iceland fljótlega. Sunday Telegraph segir að mögulegir kaupendur muni fá söluþing innan sex vikna.

Skilanefnd Landsbankans eignaðist hlutinn í Iceland við gjaldþrot Baugs. Talið er að hluturinn sé 1,2 milljarða sterlingspunda virði.

- jhh

Tekjur Apple-risans aukast:

Meira lausafé en bandaríska ríkið

VIÐSKIPTI Apple-fyrirtækið á meira handbætt fé en ríkissjóður Bandaríkjanna. Nýjustu tölur frá fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna sýna að fyrirtækið á 73 milljarða Bandaríkjadala í handbætt fé. Apple á hins vegar 76,4 milljarða. Handbætt fé Apple samsvarar um 8.700 milljörðum íslenskra króna.

Tekjur Apple hafa verið að aukast. Uppgjör fyrirtækisins á öðrum ársfjórðungi sýnir að tekjur fyrirtækisins jukust um 125 prósent miðað við sama tímabil í fyrra.

- jhh

Vinsæll galdratrákur:

Harry Potter malar gull

FÓLK Kvikmyndin Harry Potter og dauðadjánsin: hluti tvö, hefur halað inn einn milljarð Bandaríkjadala í miðasölu, samkvæmt framleiðandanum Warner Bros. Þetta er í fyrsta sinn sem mynd um galdratrákinn vinsæla nær milljarðsmarkinu. Harry Potter og viskusteinninn var sú mynd sem hafði haft mest upp úr miðasölu fram til þessa, 947 milljónir Bandaríkjadala árið 2001.

Ævintýramyndin Avatar, frá árinu 2009, á ennþá metið yfir mestar tekjur í miðasölu en hún halaði inn 2,8 milljarða Bandaríkjadala.

Talið er að Harry Potter og dauðadjánsin muni sigla fram úr nýjustu myndinni um Sjóræningjana á Karíbahafi en sú mynd hefur náð mestum tekjum úr miðasölu það sem af er þessu ári, um 1,03 milljörðum dala.

LÖGREGLUMÁL

Stálu 40 lítrum af bensíni

Brotist var inn í bátaskýli við Ósbraut í Garðinum á föstudag og þaðan stolið tveimur tuttugu lítra brúsum af bensíni. Samkvæmt lögreglunni á Suðurnesjum er málið í rannsókn. Víkurfréttir greindu frá.



Fékkstu endurgreiðslu frá skattinum?

Hvað skiptir þig máli?

Það skiptir máli að nýta fjármuni sína á sem hagkvæmasta hátt. Þú getur:

- * Greitt niður yfirdráttinn
- * Greitt inn á lán
- * Lagt fyrir í varasjóð

Komdu til okkar í næsta útibú og fáðu góð ráð um hvernig er best að ráðstafa peningunum frá skattinum. Við tökum vel á móti þér.

Enn beina menn blinda auganu að nauðgunum um verslunarmannahelgi:

„Hér eru allir mjög sáttir“

Hér eru allir mjög sáttir,“ segir fulltrúi í Þjóðhátíðarnefnd í viðtali við Fréttablaðið í dag og annar segir: „Heilt yfir tókst hátíðin vel.“ Forráðamaður hátíðarinnar á Akureyri segir í viðtali í sömu frétt: „Þetta var eins og best verður á kosið.“ Og jún, það er áreiðanlega rétt hjá þessum mönnum að þorri hátíðargesta bæði í Vestmannaeyjum og á Akureyri skemmti sér vel og langflestir voru sjálfum sér til sóma í hvívetna.

Vissulega eru þessi ummæli klippt úr úr lengri samtölum við mennina og formaður Þjóðhátíðarnefndar í Vestmannaeyjum segir vissulega einnig að kynferðisbrot skyggi á gleðina yfir vel heppnaðri hátíð og að eitt slíkt sé einu of mikið. Engu að síður verður að segjast að skuggahliðar hátíðanna eru svo miklar og afdrifaríkar fyrir þau sem hlut eiga að máli að alls kostar óviðeigandi hlýtur að teljast að taka til orða eins og dæmin hér að framan sýna.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var vítað um sex kynferðisbrotamál í gærkvöld en þau höfðu komið til kasta heilbrigðisstofnana og/eða lögreglu. Fimm áttu sér stað í Vestmannaeyjum og eitt á Akureyri. Líklega eru málin enn fleiri. Eyrún Jónsdóttir, verkefnastjóri í Neyðarmóttöku, segir í frétt blaðsins að reynslan segi að fleiri mál geti komið upp á næstu dögum.

Ef gripið er til tölfræðinnar má segja sér að innan við helmingur málanna verði kærður og enn færri munu síðan enda með sakfellingu. Rétt er þó að geta þess að þegar var búið að kæra tvö nauðgunarmál í Vestmannaeyjum í gær.

Þetta eru heldur fleiri mál en verið hefur undanfarin ár. Þó er ekki víst að það þýði að fleiri kynferðisbrot hafi verið framin. Allt eins og vonandi getur það þýtt að þolendur þeirra hafi frekar leitað sér aðstoðar.

Ekki er annað hægt en að velta fyrir sér hvers vegna lagt er upp í slíkar hátíðir ár eftir ár þrátt fyrir þann toll sem þær augljóslega taka. Hvers vegna skera forráðamenn hátíðanna ekki upp herör gegn kynferðisbrotunum í stað þess að skella við þeim skollaeyrum og leitast stöðugt við að breiða yfir þau? Af hverju eru það aðeins femínistar og talskonur Stígamóta sem hvetja til fjöldasamstöðu gegn nauðgunum? Af hverju taka forráðamenn útihátíða ekki höndum saman við femínista og Stígamótakonur um að stemma stigu við nauðgunum og öðrum kynferðisbrotum, senda skýr skilaboð um að kynferðisbrot séu ekki liðin?

Þetta ætti að gera fyrir hátíðarnar, í auglýsingum og allri umræðu. Meðan á hátíðunum stendur á að vera stöðugur áróður og virkt eftirlit og þegar málin eru gerð upp að lokum verður að greina hvað má betur fara.

Skilaboðin sem forráðamenn hátíðanna senda hins vegar með „allt gekk vel“ yfirlýsingum sínum eru þvert á móti þau að kynferðisbrot séu liðin.

Nartað í orðstír

Tryggvi Þór Herbertsson alþingismaður er greinilega bókmenntalega sinnaður. Hann birti í gær magnað ljóð Davíðs Stefánssonar um rottur á heimasíðu sinni. Í ljóði Davíðs er að finna eftirfarandi línur: „Fjöldi manna/felur sig bak við tjöldin./Þeir narta í orðstír nágrannanna,/niðra þeim, sem hafa völdin...“

Vissulega magnað stöf. Tryggvi er vanari að þlogga um pólitík og því er freistandi að lesa ljóðið sem ádrepu til þeirra sem narta og naga í orðstír annarra.



Nartað í orðstír

Að öðru. Tryggvi Þór Herbertsson alþingismaður skrifaði pistil á heimasíðu sína fyrir nokkru. Þar líkti hann Sigríði Friðjónsdóttur, saksóknara í máli gegn Geir H. Haarde, við Lavrentí Bería. Sá var framamaður í fjölmörgum pólitískum hreinsunum Stalíns og er talinn bera ábyrgð á lífi að minnsta kosti hundrað þúsund manna og var frægur fyrir að nauðga konum í krafti valds síns. Í ljósi samlíkingar Tryggva Þórs er ekki úr vegi að rífa upp línu úr kvæði Davíðs Stefánssonar um rottur: „Fjöldi manna/felur sig bak við tjöldin./Þeir narta í orðstír nágrannanna,/niðra þeim, sem hafa völdin...“

Rottufangarinn frá Hamlin

Þjóðsagan um rottufangarinn frá Hamlin er kunn. Flautuleikari hreinsaði bæinn af rottum, sem heilluðust af leik hans, og hann tældi þær í ána hvar þær drukknuðu. Íbúar Hamlin neituðu að greiða honum fyrir þjónustuna og greip hann því til sinna ráða og tældi börn bæjarins á braut með töfrandi leik sínum. Lítið er um töfraflautur hér á landi en margir stjórnmálamenn keppast nú við að tæla kjósendur til sín með töfrandi fagurgala og breiða yfir sinn þátt í hruni heils efnahagskerfis. Og virðist ganga nokkuð vel miðað við skoðanakannanir.




kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Frá Sachsenhausen og STASI til ESB

ESB-aðild



Margrét S. Björnsdóttir
formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

Fjöldamorðin í Noregi sýna okkur hvert sjúklegar hugmyndir um yfirburði tiltekinnar trúar, þjóðar eða kynþáttar geta leitt. Á 20. öldinni voru milljónir Evrópu-búa dreppir eða ofsóttir í nafni slíkra hugmynda. Berlín er áhrifamikil áminning um þá atburði. Þeir sem heimsækja söfn hennar um fortíðina (s.s. Sachsenhausen, STASI-safnið, leifar Berlínarmúrsins) verða ekki ósnortnir. Árið 1936 voru reistar fyrstu útrýmingar- og þræklarunarbúðir nasista, Sachsenhausen í aðeins 35 km fjarlægð. Þaðan var útrýmingar-búðum nasista í öðrum Evrópulöndum stjórnað af þýskri skipulagshæfni. Árið 1945 tók sovéska og seinna austur-þýska leynilögreglan Sachsenhausen-búðirnar yfir og hýstu þar 60 þúsund pólitíska fanga og stríðsfanga. 20 þúsund þeirra létu þar lífið.

Í miðborg A-Berlínar stóð hið alræmda innanríkisöryggisráðuneyti A-Þýskalands, STASI. Þaðan njósnuðu 91 þúsund A-Þjóðverjar, þegar mest var, um samborgara sína, auk 150 þúsund sjálfboðaliða sem njósnuðu um vinnufélaga, vini og nágranna. Og Berlínarmúrinn lokaði af fyrir 50 árum það sem nefnt var fjölmennustu fangabúðir sögunnar. Evrópska stál- og kolabandalagið,

undanfari Evrópusambandsins, var stofnað 1952 um þær tvær atvinnugreinar til þess að það „að heyja stríð yrði ekki aðeins óhugsandi heldur efnislega ómögulegt“ (Robert Schumann 1950). Í dag er Evrópa friðsamlegri og blómlegri en nokkru sinni, þrátt fyrir erfiðleika. Þjóðir ESB eru helstu viðskiptalönd Íslands og í norður og þar liggja rætur menningar okkar. Með inngöngu í ESB leggur Ísland sitt af mörkum til þess að friður vari í Evrópu og ég fagna því hversu vel utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson heldur á samningaferlinu.

Þegar Berlínarmúrinn féll sóttu A-Evrópuríkin hvert af öðru um inngöngu í Evrópusambandið. Ísland á að stöðja að þær þjóðir A-Evrópu sem enn eru utan ESB fái inngöngu eða tengist því nánum böndum. Þannig njóti þær sömu lýðræðis-, mannréttinda- og efnahagsþróunar og aðrar Evrópuþjóðir.

STASI, Sachsenhausen, Berlínarmúr eða víðlíka brot gegn mannhelgi og frelsi af hálfu heilla þjóðríkja geta heyrt sögunni til í Evrópu. Þeir sem halda að það sé sjálfgefið, sagan muni ekki endurtaka sig á okkar menningarsvæði, líti til átaka og fjöldamorða í löndum Júgóslavíu fyrir aðeins 15 árum.

Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins. Rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 18-49 lesa að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - nær þrefalt fleiri en lesa næsta dagblað þar á eftir.

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.



Allt sem þú þarft...



Sama hvaðan gott kemur

Í DAG

Jónína Michaëlsdóttir
Blaðamaður



Á þeim árum sem Samband Íslenskra samvinnufélaga var öflugt bakland Framsóknarflokksins bar eitt sinn við að maður á landsbyggðinni, sem var virkur í þeim flokki, fór þess á leit við yfirlýstan sjálfstæðismann að hann tæki að sér tiltekið ábyrgðarstarf í byggðarlaginu. Þetta vakti ekki litla athygli og undrun, bæði hjá þeim sem í hlut átti og öðrum. Framsóknarmenn voru taldir passa öðrum fremur upp á sína menn í þessum efnunum. Þegar maðurinn var spurður hvers vegna í ósköpunum hann sneri sér til sjálfstæðismanns

völd. Hinn flokkurinn er enn í ríkisstjórn, og lætur eins og hann sé skírður til annarrar trúar. Endurborinn. Komi upp einhver efi eða gagnrýni á ríkisstjórnina eru helstu viðbrögðin þau að benda á vonda flokkinn. En það virkar ekki lengur.

Hafi forystumenn í Sjálfstæðisflokknum kosið að leiða til áhrifa eigin samflokksmenn á sínum tíma, þar sem þeir væru líklegri til að vinna í anda þeirrar stefnu sem sá flokkur fylgir, þá er dagljóst að flokkarnir sem standa að sitjandi ríkisstjórn gefa þeim ekkert eftir í því efni. Erú raunar komnir langt fram úr þeim.

Umbrotatímar

Það er mikið talað um fagmennsku í umræðu dagsins og fagleg vinnubrögð yfirleitt. Ekki síst faglegru nálgun að álitamálum. Þrátt fyrir fjármálavanda er verið að leita leiða til að

Fylgismenn þeirra stjórnvaldaflokka sem nú stjórna landinu hafa farið mikinn í spillingarstaðhæfingum og flokks-gæðingatali á síðustu árum.

með þetta erindi sagði hann broandi og í léttum tón: Það er sama hvaðan gott kemur!“

Ef til vill hugsaði framsóknarmaðurinn í raun: Allt er hey í harðindum, þótt hann svaraði með þessum hætti. Og kannski var viðkomandi maður líklegur til að sinna þessu verkefni öðrum betur, og því sjálfsgagt að nýta sér það, þótt hann væri í öðrum stjórnvaldaflokki. En svo getur líka hugsast að hann hafi raunverulega meint það sem hann sagði: Það er sama hvaðan gott kemur!

Spilling hér og þar

Fylgismenn þeirra stjórnvaldaflokka sem nú stjórna landinu hafa farið mikinn í spillingarstaðhæfingum og flokks-gæðingatali á síðustu árum. Því er sérstaklega beint að öðrum stjórnvaldaflokki þeirrar stjórnar sem áður var við

nálgast mál á nýjan hátt. Rannsóknarskýrsla og drög að nýrri stjórnarskrá eru í skoðun.

Það breytir ekki ágreiningi um aðild að Evrópusambandinu, hvers kyns höftum og eftirliti, atgervisflotta, læknaskorti, atvinnuleysi og öðrum hremmingum, en ef til vill leynist þarna visir að nýrri umræðuhefð. Hver veit? Er mögulegt að brjótast undan rífrildis- og ávirðingahneigðinni sem er í svo miklu uppáhaldi hér? Það kemur í ljós.

En er ekki líka kominn tími til að brjóta niður múra milli stjórnvaldaflokka hér á landi? Hugsu þetta eins og fyrirtæki, þar sem allir hafa sömu hagsmuni.

Hugsu líka eins og framsóknarmaðurinn gerði um árið í samskiptum og samstarfi við fólk í öðrum stjórnvaldaflokkum, utan og innan ríkisstjórnar: Það er sama hvaðan gott kemur!

Alræði lýðræðisins?

Trúmál

Hildur Jónsdóttir
heimavinnandi
húsmóðir



Fyrir liggur í borgarráði að taka fyrir tillögu mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um hertar reglur um aðkomu trúar og lífsskoðunarfélaga að skólum Reykjavíkurborgar. Nokkur umræða hefur átt sér stað um þessi mál og á að afgreiða endanlega núna í byrjun ágúst.

Sem foreldri fjögurra skólabarna er mér nokkuð brugðið að ekki hafi verið leitað álits skólasamfélagsins sjálfs. Sem virkt foreldri innan þess vil ég benda á að skv. lögum skal sérhver skóli á landinu hafa skólaráð. Innan skólaráðs sitja fulltrúar allra í skólasamfélaginu: foreldrar, kennarar og nemendur ásamt fulltrúa grenndarsamfélags. Þetta ráð á að geta haft áhrif á þá skólastefnu sem hver og einn skóli telur að eigi að gilda innan skólans.

Á þessum tímum sem við lifum þar sem umræða um almennt og borgaralegt lýðræði er hávær þykir mér einkennileg þróun hjá Reykjavíkurborg að ætla að taka slíkar ákvarðanir í trássi við skoðun skólasamfélagsins. Við viljum lifa í lýðræðislegu samfélagi þar

sem lýðræðið virkar að sönnu. Eða ætlum við að láta yfirvöld ákveða allt fyrir okkur og börn okkar? Að setja slíkar hömlur á skólastarf sem Reykjavíkurborg stingur upp á tel ég beinlínis hættulegt og minna á fyrri tíma einræðisstefnu sem ætluðu sér leynt og ljóst að útrýma öllum skoðunum nema sinni eigin. Þar á meðal má nefna Hitler, sem fjarlægði feringarfræðslu úr skólanum vegna þess að hún stangaðist á við hans eigin hugmyndafræði.

Ég vænti þess að íslenskt samfélag sé ekki svo illa stadd að það meini skólasamfélaginu sjálfu að ráða fram úr þeim málum sem upp koma. Það ætti að vera til umræðu í skólunum en ekki hjá yfirvaldinu hvort ekki megi hengja upp auglýsingar um trúarlegar upptakur eða dreifa Nýja Testamentinu innan skólans. Að hampa einni heimsmynd á sama tíma og önnur er tortryggð og litin hornauga er mjög á skjön við þá fjölmenningu sem er á Íslandi.

Þessari tillögu vil ég því mótmæla harðlega. Ég legg til að við látum þetta mál algerlega falla niður og væntum þess í stað fjórgrar umræðu innan skólans, í skólaráðum landsins og búumst við meiri fjölbreytni innan skólasamfélagsins þar sem foreldrar, kennarar og börnin taka virkari þátt í þróun skólans en ekki yfirvöld.

„Ég fíla græna bíla“

Ef þú velur umhverfishæfari bíl nýturðu betri kjara

Græn lán Ergo bera engin lántökugjöld

Með Grænum lánum vill Ergo koma til móts við þá sem kjósa sparneytnari bíla sem nýta nýjustu tækni við að draga úr úrblæstri koltvísyrings. Þannig stuðla Græn lán að bættu umhverfi.

Græn lán standa til boða, út árið 2011, við kaup á nýjum bílum í A–C flokki (120 g/km af CO₂ eða minna). Hægt er að velja á milli bílálana og bílasamninga.

➤ Dæmi
Þú tekur 3 milljóna króna Grænt bílalan til 7 ára => þú sparar 105.000 krónur.

Reiknaðu með okkur

Ergo > fjármögnunarbjónusta Íslandsbanka
Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400
www.ergo.is > ergo@ergo.is

RISAUÚ

ÚTVÖRÞ
BÍLHÁTALARAR
BÍLMAGNARAR

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

ALLT AÐ 75%

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR
PVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRAERIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR PURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

Bialetti pottar og pönnur með 50% afslætti

Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti

Smáraftæki á ótrúlegum verðum - frá kr. 995

Philips LCD sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti

Whirlpool amerískir kælikápar með allt að 150.000 kr. afslætti

Myndavélar með allt að 38% afslætti

Frábært verð á hljómtækjum og hátölurum frá Philips, NAD, Denon, PSB, Dali og Kenwood

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18

OPIÐ LAUGARDAGINN 6. ÁGÚST 10-18

CASIO

Lenco

NAD

KENWOOD

PHILIPS

Panasonic

DENON

UNITED

BEKO

scan domestic

DVD SPILARAR BÍLTÆKI
SJÓNVÖRÞ FERÐATAÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
HLJÓMBORÐ
PRÁÐLAUSIR SÍMAR HEYRNARTÓL
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR REIKNIVÉLAR

HT IS SALLA

MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

Philips safapressur með allt að 35% afslætti
Vestfrost fyrstikistur með allt að 30% afslætti
Ótrúleg tilboð á Whirlpool ofnum,
helluborðum og háfum
Yfir 1.000 vörur á lækkuðu verði

Sjá allt
úrvalið
á ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!



Heimilistæki

www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa *friete* Bauknecht elna exido VESTFROST indesit DeLonghi Whirlpool

Sameinaðir föllum við – sundraðir stöndum við

Stjórnsmál

Próstur Ólafsson
hagfræðingur



Mér hefur löngum verið það ráðgáta hvernig frjálshyggjusinnar annars vegar og fylgjendur vinstri átrúnaðar hins vegar hafa getað marsað saman í málum sem snerta kjarna lífsviðhorfa okkar, þ.e. sýn okkar á einstaklinginn og stöðu hans í samfélaginu. Hér er um að ræða grundvallarastöðu um sýn okkar á fyrirbærið maður. Áhagendur þessara tveggja stjórnsmálafstafa, sem sumir hafa talið vera á öndverðum meidi, eru með sameiginlegan málalíbúnað, m.a. þegar kemur að spurningunni um inngöngu landsins í ESB. Öðru vísi mér áður brá. Ég fór því að velta þessari þverstæðu fyrir mér, því þarna hlaut að liggja þyngri fiskur undir steini.

Við verðum að spyrja okkur hver sé sýn þessara hópa á manninn í samfélaginu og hver hafa orðið áhrif nýfrjálshyggjunnar á samfélagið? Hún vegsamar markaðinn sem burðarás samfélagsins. Starfsemi hans verður að inntaki, verður miðsvæð lífssýn. Þar með bregður nýfrjálshyggjan út af inntaki borgaralegra gilda, þar sem einstaklingurinn, framtakssemi hans og fjölskylda voru aðalatriðið. Markaðurinn var tæki hins framtaksama einstaklings til að ná árangri í viðskiptum. Nýfrjálshyggjan sneri þessu á haus. Hún útrýmir borgaralegri sýn á stöðu einstaklingsins um leið og hún leysir upp samstöðu og samtryggingu almennings. Hún gerir það ekki með því að leggja til að almannatryggingar verði lagðar niður, heldur gerir hún einstaklinginn ábyrgan fyrir veikindum sínum og örkuflan.

Maðurinn er í augum nýfrjálshyggjunnar frjáls, engum háður og einsamall. Samfélag frjálshyggjunnar hefur sömu eiginleika.

Afstaða ysta vinstris.

Það er erfiðara að vinna með hugtakið vinstri, því undir það geta heyrt fjölmargar breytilegar útgáfur. Hér er hins vegar fyrst og fremst verið að fást við þá tegund vinstrimanna sem deila hugmyndinni um einstaklinginn með nýfrjálsum, þó á öðrum forsendum sé, og marsera hugprúðir með þeim í andstöðu gegn ESB, svo dæmi sé tekið. Hvað sameinar sýn þessara, að því er þeir segja sjálfir, annars ólíku hópa? Ysta vinstrið hefur ekki verið mjög aðlögunarhæft við

margar finar kenningar um lýðfrelsi og fullveldi.

Sama lífssýnin

Þótt málsrökin séu önnur er grunnurinn sá sami, bæði hjá nýfrjálsum sem og þeim lengst til vinstri – hinn óháði, einstæði einstaklingur. Hér hefur þessi tegund vinstristefnu haft endaskipti á alþjóðahyggju og samstöðu (sólídarítet) einstaklinga og þjóða, sem frumkvöðlar sósíalísmans börðust fyrir. Þessi sýn hefur öðlast endurvakið líf innan ESB með samstöðutryggingu sem birtist í tilurð mikilla tilfærslusjóða til verr staddra þjóða. Á sama hátt umturnaði nýfrjálshyggjan klassískum borgaralegum gildum. Sýn þessara baráttufélaga er ekki samhyggja einstaklinga,



Maðurinn er í augum nýfrjálshyggjunnar frjáls, engum háður og einsamall. Samfélag frjálshyggjunnar hefur sömu eiginleika.

að bregðast við breyttum heimi. Það virðist sitja fast í þeim jafnréttiskeningum sem uxu upp úr hreyfingu 68-kynslóðarinnar erlendis, sem segir að maðurinn sé frjáls, svo fremi engir utanaðkomandi aðilar hafi áhrif á gerðir hans. Þetta sjónarmið kom skýrt fram í skrifum innanríkisráðherra nýlega. Hann sagði að það væru ekki endilega gjörningarnir frá Brussel sem mótuðu afstöðu hans, heldur að það væru aðrir en hann (Íslendingar) sem ákvæðu. Við erum þannig aðeins frjáls sem einstaklingur og sem þjóð, að við séum eingöngu upp á okkur sjálf komin og deilum engu með öðrum né tökum við neinu frá öðrum. Þessi einstaklingur er líka frjáls, engum háður og einsamall. Úr þessari sýn má smíða

þar sem kjörum er deilt, fengið og gefið á við, heldur sérhyggja þar sem hver stendur einn og deilir kjörum með sjálfum sér. Þeir eru sammála í sýn sinni á manninn. Þessir samherjar segja afstöðu sína sprotna af þjóðernishyggju. Ekki skal deila um það.

Þjóðernishyggja er andstæða við alþjóðahyggju og deilir sömu sýn á stöðu þjóða og á stöðu einstaklinga eins og gert var að viðfangsefni hér að framan. Þjóðir skulu, eins og einstaklingar, standa einar og sér og taka ákvarðanir einar og sér, án þess að deila neinu með utanaðkomandi þjóðum. Þannig hvöttu þeir þjóðina til að afgreiða Icesave. Á þessari lífssýn byggja þeir sameiginlega andstöðu sína gagnvart þátttöku í ESB.

Þöggun í sauðfjárrækt

Landbúnaður

Margrét
Guðmundsdóttir
viðskiptafræðingur og
skógarbóndi



þarf að leggja út í um 30 m. kr. girðingarkostnað til að verjast sauðfé af nærliggjandi jörðum og sveitarfélagi eftir að byggðar-áð Dalabyggðar, eftir ítrekaðar umræður, hafnaði ósk félagsins um lausagöngubann á svæðinu.

Starfsleyfi í sauðfjárbúskap

Í sauðfjárrækt er notast við gæðastýringarkerfi sem Matvæla- stofnun (MAST) hefur eftirlit með. Samkvæmt því fá sauðfjárbændur viðbótastyrk frá ríkinu ef þeir eru með sjálfbærar landbúnað, þ.e. ganga ekki á viðkvæman gróður landsins. Það er hins vegar ekkert eftirlit með hvar þeir beita fénu þannig að bændur sem reka fé sitt yfir á jarðir annarra í þeirra óþökk fá styrki skv. gæðastýringakerfinu. MAST skráir aðeins þau beitarlönd sem sauðfjárbændur gefa upp en, telur það ekki vera í sínum verkahring að fylgjast með hvar beit á sér stað. Þessa vitleysu væri einfalt að koma í veg fyrir með því að koma á starfsleyfi sem nær til aðbúnaðar sauðfjárins, fóðrunar á veturna og eftirliti með því hvar fénu er beitt á sumrin því það rennur sína slóð. Samkvæmt síðasta atriðinu væri starfsleyfið m.a. skilyrt þannig að sauðfjárbændur þyrftu að beita fénu á samþykkt girt svæði og þá þannig að það valdi ekki búsigjum hjá öðrum.

Eignarréttur fótum troðinn

Í hinum vestræna heimi er lausafjár- vestræna búfjár almennt bönnuð. Hér á landi er rekstur sauðfjárbúa hins vegar farinn að valda annarri starfsemi til sveita verulegum kostnaðarauka, þar sem eignarrétturinn er fótum troðinn við lausagöngu búfjár. Þetta á sérstaklega við um landgræðslu og skógarbændur sem þurfa að þola að margir sauðfjárbændur nota jarðir þeirra undir eigin atvinnustarfsemi. Slíkt er ekkert annað en rányrkja. Girðingarkostnaður við einn kílómetra er um 1,5 m.kr. og lendir kostnaðurinn á þeim sem vilja verjast ágangi sauðfjár.

Hér ber að árefta að hluti sauðfjárbændur hefur aðlagð sig breyttum búháttum og tekur tillit til nágranna sinna en það á ekki við um þá alla. Stór hluti kostnaðar við framleiðslu á lambakjöti leggst því á aðra en sauðfjárbændur og er aldrei tekinn inn í útreikninginn á framleiðslukostnaði.

Fjallskil

Eigendum jarða er skylt að smala fé á haustin án tillits til þess hvort þeir eigi sauðfé eða ekki. Sveitarstjórnir ákveða fjallskilareglur fyrir sveitarfélagið og upplýsa eigendur jarða um þá vinnu sem þeir verða að inna að hendi við haustsmölun. Þeim sem smala ekki, er gert að greiða fyrir smöln á eigin jörðum samkvæmt texta sem ákveðinn er af sveitarfélaginu. Þetta er ekkert annað en þegnaskýlduvinna fyrir alls óskylda atvinnustarfsemi.

Í erindi til Stjórnlagaráðs 2. maí sl. lýsir Guðfinna Guðnadóttir, bóndi að Steindórsstöðum í Reykholtssdal, þessum veruleika mjög vel þegar hún spyr hvort eðlilegt sé að sveitarstjórn geti skikkað bændur til að greiða niður kostnað landlítila sauðfjárbændur við óheimila nýtingu heimalanda annarra bændur og landeigenda? Guðfinna tekur fram að það er aðeins lítil minnihluti sauðfjárbændur, sem hefur ekki nóg land fyrir fé sitt og spyr: Er það ekki einsdæmi, að hluti þegnanna sé skuldbundinn til að greiða niður kostnað af atvinnurekstri annarra með þessum hætti?

Rányrkja á kostnað landgræðslu og skógræktar

Það er ótækt að sauðfjárbændur geti í skjóli laga nýtt eignir annarra fyrir eigin atvinnustarfsemi og á kostnað þeirra sem t.d. stunda aðrar búgreinar eins og landgræðslu og skógrækt. Það er síðlaust og brot á jafnræðisreglunni að ein atvinnustarfsemi geti með þessum hætti þvingað rekstrarkostnað sinn á aðrar atvinnugreinar. Hér má nefna að Landgræðslufélag Skógarstrandar

Nú er unnið að frumvarpi til nýrra laga um dýravelferð. Hér er gott tækifæri til að koma starfs- umhverfi sauðfjárbúskapar í ásætlanlegt horf fyrir alla hags-

Mörgum störfum bændur má auðveldlega breyta úr matvælaframleiðslu í viðarframleiðslu skóga án kostnaðarauka.

munaaðila en frumvarpið kveður m.a. á um skilyrði fyrir starfsleyfi og eftirlit með því að þeim skilyrðum sé fullnægt. Það væri í hæsta máta óeðlilegt ef þetta nýja frumvarp fæli ekki í sér bann við rányrkju í formi lausafjargöngu. Ennfremur hljóta skattgreiðendur að gera þá kröfu að almennilegt eftirlit sé með styrkjum ríkisins varðandi sjálfbærar landbúnað sbr. gæðastýringarkerfi MAST.

Skógrækt mikilvægari en áður var talið

Mig langar til að ljúka máli mínu hér með því að nefna að samkvæmt nýjustu rannsóknnum er skógrækt sem atvinnugrein mun þýðingarmeiri en áður var talið í baráttunni gegn loftlagsbreytingum. Þetta kemur fram í grein á vísir.is hinn 19. júlí sl. þar sem vitnað er í rannsóknir ástralska vísindamannsins Josep Canadell við CSIRO- rannsóknarstofnunina í Canberra. Canadell segir rannsóknina sýna fram á gríðarlega jákvæð áhrif skóga á loftslagsþróun. Skógurinn virki í raun eins og svampur í að sjúga upp koltvísýring og hann sé enn mikilvægari en áður var talið í baráttunni við að takmarka loftlagsbreytingar. Þetta þýði að verndun skóga og endurheimt skóglendis muni gegna mun stærra hlutverki og hafa meira vægi í alþjóðlegum viðskiptum með losunarkvóta. Verðmætið hlaupi á mörk hundruð milljörðum króna á evrópskum markaði fyrir losunarkvóta.

Er ekki mál að við Íslendingar hættum að flytja út yfir 100.000 tonn af gróðri, m.a. af gróður- snauðum heidum í formi lambakjöts og græðum landið að nýju með skógum og öflum mun hærri tekna á vistvænni hátt? Mörgum störfum bændur má auðveldlega breyta úr matvælaframleiðslu í viðarframleiðslu skóga án kostnaðarauka.

Villijurtafárið á Íslandi

Villigróður

Margrét Jónsdóttir
eftirlaunabegi



Það er segin saga að vaxi einhver jurt og dafni vel á Íslandi skal henni eytt. Lúpína, ösp, kjörvell, njóli, hvönn, sóley, fífill, arfi, gras og baldursbrá, allar þessar jurtir eru illgresi í augum margra og hafa viðkomandi hatursmenn þessara jurta sett nefndir á laggrinnar um allt land til að ákveða hvernig skuli standa að eyðingu þeirra.

Í mörgum bæjarfélögum er gras svo illa séð að það þarf að slá grasflatirnar aftur og aftur, þangað til grasrótin er orðin

sinubrún af ofþornun og bruna. Í öðrum bæjarfélögum er líka ráðist á allan fyrrnefndan villigróður og hann sleginn með ærnum tilkostnaði. Fólk virðist bara ekki vilja þennan fagra villigróður.

Í Reykjavík hefur þó gætt nokkurrar skynsemi í sumar og slátturinn sparaður ögn með þeim afleiðingum að fólk er bara orðið snælduvitlaust yfir „sódaskapnum“ eins og það kallar þá þegar villigróður vex og hylur reyndar alvöru sódaskapinn sem er í formi rusls sem íbúar landsins eru duglegir að losa sig við, allt árið, jafnvel út úr bílum á ferð.

Í mínum augum er villigróður ekki sódaskapur en hvers konar rusl í vegköntum og almenningsbeðum, allt árið, það er sódaskapur sem verður að fara að vinna á. Það er nefnilega ekki nóg að hreinsa einu sinni á ári (vorin)

og svo ekki meira. Það þarf að hreinsa minnst fjórum sinnum á ári. Og víst mun það kosta eitt-hvað, en ég er með tillögu sem fellst í því að virkja atvinnulaust

Hættum að amast við þeim jurtum sem geta spjarað sig á landinu og reynum heldur að njóta þeirra.

fólk svona tvo tíma á viku í ýmis þjóðþrifastörf.

Hættum að amast við þeim jurtum sem geta spjarað sig á landinu og reynum heldur að njóta þeirra. Það má nýta þær allar.

Voltaren Dolo 12,5 mg Diclofenac. kal.
Verkjastillandi – Hítalækkandi
20 Símuhöfðar síður

Lægra verð í Lyfju

Voltaren dolo 12,5 mg
15% verðlækkun.
20 stk. Áður: 399 kr. Nú: **339 kr.** Gildir út ágúst.



Bláber eru ofarlega á lista yfir ofurfæðu enda eru þau uppfull af andoxunarefnum, C-vítamíni, magnesíum og trefjum. Því er um að gera að nýta tímann sem senn fer í hönd og fylla frystinn af þessu holla lostæti sem er frábært í alls kyns bökur, salöt og eftirrétti.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457






Hlaupasokkar

- Minnka verki og þyngsl í kálfum
- Auka blóðflæði og súrefnisupptöku
- Minni hættu á blöðrumyndun

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is 

Gísli Bachmann og Ívar Kjartansson dvöldu í Tailandi í hálf tveimur árum og stunduðu bardagalistina Muay Thai.



Alvöru bardagi

Félagarnir Gísli Bachmann og Ívar Kjartansson héldu í lok september á síðasta ári til Taílands til að stunda bardagaíþróttina Muay Thai í hálf tveimur árum. „Þetta hefur verið draumur hjá okkur síðan við byrjuðum í Versló,“ segir Gísli, en þeir létu drauminn rætast eftir menntaskóla. Fyrir valinu urðu æfingabúðirnar Rawai Muay Thai

á Phuket en á þeirri eyju má finna um fimmtán æfingabúðir þar sem íþróttin er kennd. „Það sem aðskilur Muay Thai frá öðrum bardagaíþróttum er hve hné og olnbogar eru mikið notuð og er kick-box angi af þessari íþrótt,“ segir Ívar.

Gísli viðurkennir að hafa ekki vitað mikið um íþróttina nema vegna tveggja kvikmynda með

bardagamanninum Tony Jaa. „Við æfðum sex til sjö tíma á dag,“ segir Ívar um þjálfunina og bætir við: „Eldsnefma á hverjum morgni hlupum við 4,2 kílómetra. Síðan var sippað, teygð og boxað fyrir fram- og aftur í þrisvar sinnum fimmtán mínútur til að hita upp.“

Þegar menn eru komnir í gott

FRAMHALD | 4





ÚTSALA

NÚNA ER BARA HÆGT AÐ GERA GÓÐ KAUP

3. FLÍKIN ER FRÍ KAUPIR 2 OG 3JA ER FRÍ ATH. ÓDÝRSTA ER FRÍ

Opnunartími:
mánud.-föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugardag lokað

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

GÆÐAFISKUR

ÍSLENSK FÆÐUBÓT

BITAFISKUR

-næring fyrir líkama og sál



Söluastaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Ollis, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Visir, Bláa lónið, Hreyfing, Krumbúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.



LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reida sig á aðra. Margir lóþjúbjálfa, sjúkrapjálfa og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gíflöft og mikla lofthæð.



...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is



Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.



Möndlumjólk er næringarrík og bragðgóð og tilvalin í staðinn fyrir kúamjólk. Leggið 1 dl af möndlum í bleyti yfir nótt. Setjið í blandara með 3 döðlum 1 tsk. af vanilludropum og 3-4 dl af vatni og blandið vel. Út í þetta má svo blanda banönum og berjum eftir smekk.

Clipper te

Sérvaldar tegundir með 20% afslætti. Clipper te eru **lifrænt vottuð** og einstaklega ljúffeng.

Jasmine | Red Fruits & Aronia
Nettle | Lemon & Ginger | White tea



**20%
afsláttur**

CLIPPER
NATURAL TEAS & DELICIOUS

**maður
lifandi**
www.madurlifandi.is

Borgartúni 24
105 Reykjavík
Sími: 585 8700

Hæðarsmára 6
201 Kópavogur
Sími: 585 8710

Hafnarborg
220 Hafnarfirði
Sími: 585 8720

Saffran í útrás til Flórída

Veitingahúsakeðjan Saffran opnar nýjan veitingastað í Flórída á fimmtudag. Þetta er fyrsti Saffran-staðurinn á erlendri grund, en eigendur keðjunnar hyggja á frekari útrás í Bandaríkjunum og Kanada.

Veitingahúsakeðjan Saffran fagnar tveggja ára afmæli sínu um þessar mundir og hyggur á útrás. Saffran, sem hefur notið mikilla vinsælda á Íslandi með sínum holla mat, mun opna veitingastað í Orlando í Flórída fimmtudaginn 4. ágúst.

„Þetta er fyrsti veitingastaðurinn sem við opnum erlendis en við ætlum að opna á fimm stöðum í Bandaríkjunum og Kanada á næsta eina og hálfu ári, líklegast í Kaliforníu, New York, Boston og Toronto,“ segir Jay Jamchi, annar eigenda Saffran. Hann sér alfarið um opnunina í Flórída, sem mun standa yfir í þrjú daga, til að kynna veitingastaðinn fyrir fjölmiðlum og mikilvægum tengiliðum. Markmiðið er að opna veitingastaði um allan heim og er Orlando tilvalinn staður vegna fjölda ferðamanna, en þangað koma fimmtíu milljón gestir árlega.

„Saffran-veitingastaðurinn í Flórída er nákvæm eftirmynd af stöðunum okkar á Íslandi. Við höfum enga ástæðu til þess að breyta einhverju eftir alla velgengnina okkar á Íslandi,“ segir Jay, en ásamt honum eru tveir Íslendingar í Flórída að undirbúa opnun veitingastaðarins. Þeir sjá um þjálfun starfsfólks svo að maturinn og þjónustan verði líkt




Jay fyrir utan veitingastað Saffran í Flórída sem verður opnaður næsta fimmtudag.

og á Saffran-stöðunum þremur á Íslandi, en sömu rétti verður að finna á matseðli nýja staðarins.

Jay segir öllum Íslendingum velkomið að sækja um starf. Þeim sem vilja leggja leið sína á þennan nýja stað er bent á að hann er staðsettur á móti verslunarmiðstöðinni Florida Mall.

hallfridur@frettabladid.is



Sömu réttir verða á boðstólum í Flórída og hér heima.

OFSA MJÚKUR OG ÞÆGILEGUR!



teg 20007 - virkilega góður í DE skálum á kr. 4.600,-
vænar buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opíð mán.-fös. 10-18.


Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.

www.misty.is

Vertu vinur

Útsalan hefst í dag kl 13!!!

50% afsláttur af öllum fötum og skóm



AUSTURSTRÆTI 8 - 10 • SÍMI 534 0005



„Við veljum inn þau börn sem eru í hvað mestum vanda,“ segir Ragnar.

NORDICPHOTOS/GETTY



Boðið verður upp á sextán til átján vikna atferlismótandi fjölskyldumeðferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikilvægt úrræði fyrir feit börn og fjölskyldur þeirra

Fimm prósent íslenskra barna eru of feit og tuttugu prósent of þung. Hingað til hafa fá úrræði verið í boði en með nýtilkominni göngudeild fyrir of feit börn geta þau fengið sérhæfða meðferð.

Göngudeild fyrir of feit börn var opnuð á Barnspítala Hringins í vor, en meðferðin sem boðið verður upp á frá og með hausti byggir á sex ára rannsóknarvinnu Þrúðar Gunnarsdóttur, sálfræðings og doktorsnema í Lýðheilsuvísindum og annarra sérfræðinga. „Um er að ræða sextán til átján vikna atferlismótandi fjölskyldumeðferð þar sem annað foreldrið tekur þátt með barninu. Fyrstu átta vikurnar er prógrammið þétt en síðar er regluleg eftirfylgni,“ segir Ragnar Grímur Bjarnason, yfirlæknir Barnspítala Hringins.

Meðferðin á rætur að rekja til Bandaríkjanna en hefur verið heimfærð á íslenskar aðstæður. Hún hefur auk þess verið raunprófuð og nýjum meðferðarþáttum bætt við. „Má þar nefna svokallaðri Appetite Awareness Training þar sem þátttakendur læra að þekkja muninn á svengd og seddu og hvenær þeir borða í félagslegum tilgangi og hvenær ekki. Þetta hefur skilað góðum árangri og það löngu eftir að meðferð er lokið,“ segir Ragnar.

Hann segir að hingað til hafi fá

„Talið er að fimm prósent íslenskra barna undir átján ára séu of feit og tuttugu prósent of þung.“

úrræði verið í boði fyrir börn yfir kjörþyngd. En hvaða börn komast að í meðferð? „Við veljum inn börn sem eru í hvað mestum vanda en þau eru 2½ staðalfrávikum eða meira yfir líkamsþyngdarstuðli, sem jafngildir því að vera yfir 30 í BMI hjá fullorðnum. Meðferðin fyrir aldurshópin áttá til þrettán ára er tilbúin en auk þess erum við að búa til prógramm fyrir unglinga til átján ára aldurs.“

En hversu útbreiddur er vandinn? „Talið er að fimm prósent íslenskra barna undir átján ára séu of feit og tuttugu prósent of þung,“ segir Ragnar. Hann segir 60 börn á biðlista, tilbúin að hefja meðferð, en að hann sé að fylgja mun fleiri börnum eftir. En hvernig er tilvísunum háttað? „Við fáum flestar tilvísanir frá skólahjúkrunarfræðingum en auk þess geta foreldrar haft beint samband.“

Ragnar segir að börn sem séu

feit á skólaaldri séu oftast byrjuð að þyngjast á aldrinum þriggja til sex ára. „Þá er best að grípa inn í en þegar börnin eru augljóslega orðin feit er það meira mál og þá þarf oft að eiga við hegðunarmunstur sem er orðið fast í sessi.“ Í göngudeildarmeðferðinni er lögð áhersla á jákvæða stýringu, enda skilar hún bestum árangri. Ragnar gefur lítið fyrir umræðu um að tilkynna eigi foreldra of feitra barna til barnaverndar. „Það virkar lítið að skamma fólk, auk þess sem þetta er ekki eingöngu á valdi fjölskyldunnar. Það er margt í umhverfinu sem við ráðum ekki við. Ríki og sveitarfélög stýra miklu með verðlagningu og möguleikum á hreyfingu og framboð fyrirtekja og auglýsingar hafa mikið að segja. Þá spila erfðaþættir inn í en vissulega er hægt að gera atferlisbreytingar til batnaðar ef viljinn er fyrir hendi.“

vera@frettabladid.is



Stórir skammtar af koffíni geta verið banvænir. Séu tíu grömm, eða hundrað kaffibollar, drukkin á fjórum klukkustundum getur það leitt til dauða.

Heimild: heilsugeirinn.is



Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurlflugvelli

FASHIONABLE ACCESSORIES FOR URBAN PEOPLE
www.click-six.com

OPNUM NÝJA VERSLUN Í KRINGLUNNI 4 ÁGÚST

SIX

ÚTSALAN

hefst í dag

25-60% afsláttur

www.lindesign.is
sendum frítt úr vefverslun

Lin
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

ÚTSÖLULOK — VERÐHRUN

Aðeins þrjú verð á útsöluvörum

1.000,-
3.000,-
5.000,-

- Kjólar
- Skokkar
- Mussur
- Toppar
- Bolir
- Gallakvartbuxur
- o.m.fl.

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Við erum á Facebook

Út að hugleiða

„Það er yndislegt að sameina hugleiðslu og göngu í íslenskri náttúru,“ segir Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir jógakennari, sem býður upp á námskeið í gönguhugleiðslu í Öskjuhlíðinni næstu fjórar vikurnar. Hún segir bæði líkamlegan og andlegan ávinning af gönguhugleiðslu sem birtist í endurnýjaðri orku og betra jafnvægi, virkari hugsun og mildara skapi.

Námskeiðin standa í fjórar vikur og kosta átta þúsund krónur. Þau eru á miðvikudögum og hver tími er ein klukkustund. Hægt er að velja um tvo hópa. Fyrri hópurinn hittist á bílplaninu við Perluna klukkan 16.30 og seinni hópurinn klukkan 17.30. Fyrstu tímarnir eru á morgun 3. ágúst og skráning og nánari upplýsingar eru í akk@samana.is



Arnbjörg Kristín í jókastöðunni Trénu sem er tekin klesst upp við tré.

MYND/HRAFNIHILDUR REYKJALÍN VIGFÚSDÓTTIR



Hávaxnar konur eru líklegri til að þróa með sér krabbamein en skýringin er nokkuð á huldu.

Háar konur fá frekar krabbamein

Hávaxnar konur eru líklegri en lágvaxnar til að fá krabbamein, að því er kemur fram í nýrri rannsókn.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem gerð var við Oxfordháskóla í Bretlandi aukast líkur á krabbameini hjá konum um sextán prósent með hverjum tíu sentimetrum umfram 1,53 metra hæð.

Efni sem hafa áhrif á hæð fólks virðast einnig geta haft áhrif á myndun krabbameina, samkvæmt rannsókninni, sem náði til yfir milljón kvenna.

Krabbameinsrannsóknaráð

í Bretlandi hefur þó bent á að hávaxnar konur þurfi ekkert að óttast. Jane Green, sem fór fyrir rannsókninni, sagði í samtali við breska ríkisútvarpið BBC að hæðin sjálf hefði ekki áhrif á krabbamein en gæti hins vegar verið merki um eitthvað annað. Rannsakendurnir telja að vaxtarhormón geti haft áhrif á krabbamein.

Mikið magn vaxtarhormóna leiðir til þess að fleiri frumur geta stökktbreyst og orðið að krabbameini.

Green viðurkennir þó að rannsakendur geti ekki fullkomlega skýrt þessa tengingu á milli hæðar og krabbameins. - mmf



Gísli stefnir á að æfa alls kyns bardagalistar og íþróttir í öllum heimshornum.

form fá þeir að keppa í bardaga og þá taka við erfiðari æfingar. Bæði Gísli og Ívari hlotnaðist sá heildur að berjast við bardagamenn úr öðrum æfingabúðum.

„Bardagamennirnir taka allt mjög alvarlega og ákvað ég að gera hálfgerð grín að því. Sem dæmi brosti ég í stað þess að vera alvarlegur í myndatökum fyrir bardagana og fyrir lokabardagann rakaði ég hárið á mér á sama máta og Georg Bjarnfreðarson og barðist þannig. Þrátt fyrir uppátækin gekk sá slagur mjög vel og ég vann með rotsparki í annarri lotu.“

Frá heimkomu hefur Ívar unnið á fullu en ólíkt honum hefur Gísli æft af kappi. Síðasta sunnudag keppti hann í Ironman í Englandi. Ironman er keppni sem haldin er um heim allan og er heimsmeistaramót haldið að lokum á Hawaii. Þar mun hann reyna að synda 3,8 kílómetra, hjóla 180 kílómetra og hlaupa heilt maraþon á innan við tólf klukkustundum. Stefnir hann á að ferðast heimshorna á milli og stunda ýmsar íþróttir. „Ég hleyp maraþon í Berlín í september næstkomandi. Eftir það fer ég til Brasilíu að læra Jiu Jitsu í hálf ár, síðan er stefnan tekin á Kína að læra Kung Fu í hálf ár og þaðan langar mig mikið að fara til Indlands að stunda jóga,“ segir Gísli, sem þarf að innbyrða sjö þúsund kaloríur á hverjum degi vegna þrotlausra æfinga. hallfridur@rettabladid.is

FISKISLÓÐ 75, 101 REYKJAVÍK

OUTLET

SKÓR

Herra
Verð
7.900 kr.
St. 41-47



Dömu
Verð
7.900 kr.
St. 36-41



Stelpu
Verð
5.500 kr.
St. 27-35



Stráka
Verð
6.900 kr.
St. 27-35



Stráka
Verð
3.900 kr.
St. 21-26



OPIÐ: MÁN-FÖS 13-18 & LAU 12-16 SÍMI: 514 4407

Sumar útsalan er hafin



4 VERÐ
1.990–4.990

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft

KÍKTU INNÁ WWW.LANDMARK.IS - ÖFLUGUR HÓPUR SÖLUMANNA!

LANDMARK

FASTEIGNASALA

MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS



MAGNÚS EINARSSON
Löggiltur fasteignasali

Inná www.landmark.is er hægt að panta verðmat eða setja í sölu. ...Og við höfum samband um hæl! Landmark fasteignasala - Þú hringir - við seljum!



Ástþór Reyni Guðmundsson
75 mín. tímar

- 4. mán. + mið. + fös. kl: 17.30

90 mín. tímar

- 5. fös. kl: 9.00
- 6. mán. + mið. kl: 19.00
- 7. þri. + fim. kl: 18.00



Úrval spennandi námskeiða í Sporthúsinu | Námskeiðaönnin hefst 8. ágúst | Námskeið eru 3-4 vikur að lengd.
Zumba | Fit Pilates | TRX Bjöllur | CrossFit | Happy Yoga | HádegisPúl fyrir konur | Hóppjálfun konur & karla
Meðgönguleikfimi | Mömmuleikfimi | Power Burn | Rope Yoga | Weigh To Go fyrir konur.

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 564 4050

Frábær verð

og ótrúlegt


úrval!

Gerðu frábær kaup, allt á einum stað!



990 kr./m²

Vnr. 0113453
Plastparket
Plastparket, hnota, 6 mm,
3ja stafa, 193x1380 mm.



Vnr. 0113452
Plastparket
Plastparket, eik, 6 mm,
3ja stafa, 193x1380 mm.

1.190 kr./m²



3.990 kr./m²

Vnr. 0113719
Parket
Nordic Wood eik, 2200x189x15 cm.



Vnr. 0113745
Parket
NORDIC WOOD parket
eik, smellt, 15x189x2200 mm.

4.690 kr./m²



Vnr. 0113720
Parket
STEIRER mött, lökkuð eik, smellt,
14x182x2200 mm.

6.990 kr./m²



20x25 cm

Vnr. 16600100
Veggflísar
IDEA MIRROR, 20x25, hvítar.

1.990 kr./m²



15x15 cm

Vnr. 17510801
Veggflísar
UNIT TWO flísar,
15x15 cm, hvítar glans.

2.990 kr./m²



30x60 cm

Vnr. 17800035
Flísar
E-STONE, gólf- og veggflísar, 30x60 cm, dökkgrárar.

3.990 kr./m²



100%
endurgreiðsla
á virðisaukaskatti
af keyptri vinnu
til þeirra sem ráðast nú
í framkvæmdir á byggingarstað.



Þar að auki fæst allt að
300 þúsund
króna frádráttur
frá skattstofni*



*Sjá nánar allirvinna.is



45.990

Vnr. 10705070

Sturtuhorn

NEPTUM sturtuhorn með 6 mm hert öryggisgler, 80x80x195 cm.



Vnr. 10707105

Spegill

ARGENT spegill með ljósi, 45x80 cm.

15.990



Vnr. 13609974

Baðinnretting

GOLDEA, skápur og vaskur, háglans, hvítt.

29.990



3.990

Vnr. 15400045

Handlaugartæki

ARMATURA Ferryt handlaugartæki.



GROHE

Vnr. 15332925

Handlaugartæki

GROHE Eurosmart handlaugartæki.

13.900



Vnr. 15334243

Sturtutæki

GROHE Auto 1000 baðtæki, hitastýrt með brunaöryggi.

19.900

GROHE

Gerðu frábær kaup!

Allt fyrir heimilið

á einum stað



19.990

Hæglökandi seta

Vnr. 17851000

Salerni

IMEX salerni með innbyggðum stút í gólf og hæglökandi setu.




Vnr. 13770651

Salerni

GUSTAVSBERG vegghengtsalerni, án setu.

16.900



Vnr. 15529940

Handklæðaofn

Hvítur, 500x740 mm, 270W.

12.990



Vnr. 13001595

Handlaug

HUIDA handlaug í borð, 48,5x48,5 cm.

6.990



Vnr. 10690105

Baðkar

BETTE stálbaðkar, 170x70x cm.

39.900



Vnr. 10690130/10690135

Sturtubotn

BETTE sturtubotn, 80x80 eða 90x90x15 cm, 3,5 mm.

29.990



Vnr. 13002500

Handlaug

GUSTAVSBERG handlaug, 50x36 cm á vegg fyrir bolta eða vínkla.

15.990

0%
VAXTALAUS LÁN

Nú býður BYKO vaxtalaust lán í allt að 12 mánuði

3% lántökugjald og 295 kr. greiðslugjald á hverja borgun.

Sjá nánar á www.BYKO.is



58.12345

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S
MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.
MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM ■ EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is





EGGERT GUNNÞÓR JÓNSSON biður nú eftir því að fá að vita hver verður áttundi knattspyrnustjóri hans hjá Hearts, en Eggert hefur verið hjá skoska félaginu síðan 2005. Rússneski eigandinn Vladimir Romanov rak Jim Jefferies um helgina, eftir að liðið hafði aðeins unnið einn af síðustu fjórtán deildarleikjum sínum.

Afmælisdagur sem gleymist ekki

Nökkvi Gunnarsson úr Nesklúbbum fagnaði 35 ára afmælisdeginum með því að vinna Einvígið á Nesinu í gær. Hann er fyrsti heimamaðurinn sem vinnur mótið í heil tólf ár en Nesklúbbsfólk hefur margoft þurft að horfa upp á sína kylfinga rétt missa af sigri. Nökkvi hafði betur í bráðabana gegn Inga Rúnari Gíslasyni.


GOLF Það hefur ekki gengið vel hjá kylfingum Nesklúbbsins undanfarin ár að nýta sér heimavöllinn í Einvíginu á Nesinu, árlega góðgerðamótinu sem fer fram á Nesvellinum á frídegi verslunarmanna. Nökkvi Gunnarsson endaði tólf ára bið með því að vinna mótið í gær og það á 35 ára afmælisdegi sínum. Félagar í Nesklúbbum, sem eru duglegir að mæta á mótið, veittu Nökkva góðan stuðning í gær og sungu síðan afmælissönginn þegar sigurinn var í höfn.

„Þetta var rosalegt skemmtilegt. Ég fékk smá afmælisgjöf í högggleiknum í morgun þegar bolti sem átti að fara út stoppaði inni. Þetta var rosalega gaman og ég kom sjálfum mér eiginlega á óvart,“ sagði Nökkvi Gunnarsson eftir að sigurinn var í höfn. Hann hafði betur í bráðabana við Inga Rúnar Gíslason úr GKJ en báðir starfa þeir sem kennarar hjá sínum klúbbum. Þeir félagar settu því á svið smá kennslustund fyrir þekktari kylfinga sem stóðust þeim ekki snúning í gær.

Nökkvi var ekki öruggur með sæti í mótinu fyrr en eftir högggleikinn um morguninn þar sem hann og Þórarinn Gunnar Birgisson spiluðu um tíunda og síðasta sætið. Nökkvi er enginn nýgræðingur í þessu móti því hann var að keppa á því í fjórða sinn. Hann hafði lengst komist á fimmtu holu en nú gekk allt upp.

Nesklúbbsmaðurinn Ólafur Björn Loftsson komst ekki á mótið að þessu sinni þar sem hann var að keppa á Evrópumótinu í Svíþjóð. Ólafur hefur þrisvar sinnum endaði í öðru sæti á þessu móti á síðustu fimm árum þannig að fólk fagnaði vel þegar Nökkvi varð fyrsti kylfingur af Nesinu til að vinna mótið síðan Vilhjálmur Ingibergsson gerði það árið 1999.

„Það voru vippin sem skiluðu þessu hjá mér því ég átti nokkur rosalega góð vipp inn að stöng.



VIPPIN GENGU VEL Nökkvi Gunnarsson átti mörg flott vipp í gær. Hér sést eitt þeirra vera á leiðinni upp að holu. FRÉTTABLAÐID/HAG

Höggði í síðasta bráðabananum er dæmi um það því það var mjög gott högg,“ sagði Nökkvi, en hann fór í gegnum bráðabana á tveimur síðustu holunum. Sú staða kemur upp þegar kylfingar leika holuna á sama höggafjölda og þurfa að reyna sig úr mismunandi aðstöðu þar sem sá dettur úr leik sem er fjærst holu.

„Maður titrar allur og skelfur

en reynir bara að anda djúpt og reyna að anda stressið frá sér. Það er galdurinn,“ sagði Nökkvi og nýtti sér líka góða strauma frá sínu fólk. „Það var rosalega skemmtilegt að fá svona góðan stuðning og svo var bara sunginn afmælissöngurinn í lokin. Ég held að þetta eigi eftir að gera heilmikið fyrir mig sem golfara og það er engin vafi á því

Ég held að þetta eigi eftir að gera heilmikið fyrir mig sem golfara og það er enginn vafi á því að þetta er einn af mínum bestu afmælisdögum.

NÖKKVI GUNNARSSON
EFTIR SIGUR Í EINVÍGINU Í GÆR

Þannig þróaðist einvígið:

- 1. hola:** Birgir Leifur Hafþórsson úr GKJ féll út fyrstur
 - 2. hola:** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir úr GR
 - 3. hola:** Karlotta Einarsdóttir úr NK
 - 4. hola:** Tinna Jóhannsdóttir úr GK
 - 5. hola:** Björgvin Sigurbergsson úr GK
 - 6. hola:** Alfreð Brynjar Kristinss. úr GKJ
 - 7. hola:** Axel Bóasson úr GK
 - 8. hola:** Andri Þór Björnsson úr GR
 - 9. hola:** Ingi Rúnar Gíslason úr GKJ
- Meistari:** Nökkvi Gunnarsson úr NK

að þetta er einn af mínum bestu afmælisdögum.“

Ingi Rúnar Gíslason úr GKJ varð að sætta sig við annað sætið en hann var að slá mjög vel í gær. „Það munaði eins litlu og hægt gat. Þetta var annars vandræðalaust hjá mér, það var þægilegt að spila og ég var laus við allt vesen,“ sagði Ingi Rúnar.

„Það er allt öðruvísi að spila á svona móti og í raun miklu skemmtilegra. Fólk tekur meiri áhættu og þetta er allt öðruvísi mót en maður spilar venjulega. Ég er bara sáttur með daginn þrátt fyrir silfrið. Nökkvi á þetta skilið eftir frábæra spílamennsku,“ sagði Ingi Rúnar.

Athygli vakti að atvinnukylfingurinn og sigurvegarnir frá því í fyrra, Birgir Leifur Hafþórsson, datt út strax á fyrstu holu og þetta var því stutt gaman hjá honum í gær.

ooj@frettabladid.is

ÞAD ER
SPORT AÐ SPARA



Verð frá:

4.995

(fullt verð 9.990)

**ELBE CATANA BX
SPINNING KASTSTÖNG**

165UL, 210UL,
270UL, 270M,
270MH, 300H.

**50%
AFSLÁTTUR**

**20%
AFSLÁTTUR**



(fullt verð 9.990)

7.990

**RW VACUUM
STANGAHALDARI**

**40%
AFSLÁTTUR**



(fullt verð 6.990)

3.990

ELBE GORE SUFIX 832 LÍNA 120 M.

0,13 mm, 0,15 mm, 0,18 mm, 0,20 mm,
0,24 mm, 0,28 mm, 0,33 mm.

Bjarni Guðjónsson, fyrirlíði KR, fórnaði sér í undanúrslitaleikinn á móti BÍ/Bolungarvík sem KR vann 4-1:

Ég er langelstur og finn dálítið fyrir því núna

FÓTBOLTI Bjarni Guðjónsson harkaði af sér nárameiðsli og leiddi sína menn til 4-1 sigurs á föður sínum Guðjóni Þórðarsyni og lærisveinum hans í BÍ/Bolungarvík í undanúrslitaleik Valitor-bikarsins á Ísafirði á sunndaginn. KR-ingar voru að komast í bikarúrslitaleikinn annað árið í röð og í þriðja sinn síðan Bjarni kom í KR sumarið 2008.

„Þetta var rosalega erfitt. Tölurnar sýna meira sannfærandi sigur en leikurinn spilaðist í heild sinni,“ sagði Bjarni og bætti við: „Þeir voru rosalega þéttir og vel skipulagðir og gáfu nánast engin færi á sér. Þeir leyfðu okkur að hafa boltann úti á vellinum en það er rosalega erfitt ef þú ætlar að spila svoleiðis og elta hitt liðið í 90 mínútur. Við finnum það bara þegar við erum að spila í Evrópukeppninni að það er vonlaust að ætla



STEMNING Á TORFNESVELLI KR-ingarnir Skúli Jón Friðgeirsson og Grétar Sigfinnur Sigurðarson ræða við stuðningsmenn KR-inga eftir leik. FRÉTTABLAÐID/RÓSA

að liggja í vörn í 90 mínútur,“ sagði Bjarni. Baldur Sigurðsson kom KR tvisvar yfir í leiknum en Gunnar Már Elíasson,

fyrirlíði BÍ/Bolungarvíkur, jafnaði leikinn með algjöru draumamarki í lok fyrri hálfleiksins.

„Mörkin hans Baldurs voru mikilvæg og þá sérstaklega seinna markið. Þetta var orðið mjög erfitt og við vorum ekki að finna leiðir í gegnum þetta hjá þeim. Annað markið var því rosalega mikil-

vægt,“ sagði Bjarni, sem átti stórán þátt í báðum mörkum Baldurs. Seinna mark Baldurs kom á 80. mínútu og eftir það bættu þeir Grétar Sigfinnur Sigurðarson og Gunnar Örn Jónsson við mörkum.

Bjarni gat ekki spilað Evrópukeikinn á móti Tbilisi í vikunni á undan og var tæpur fyrir leikinn fyrir vestan. „Ég fékk í nárann í upphitunni og var ekki alveg nógu góður. Ég var ekki að láta neitt vita af því og þetta er ekki neitt sem kemur til með að hamla mér í sunnudaginn. Ég vissi að ég væri í fríi í Evrópukeiknum á fimmtudaginn þannig að ég ákvað bara að keyra á þetta,“ sagði Bjarni, sem fær líka hvíld því hann fer ekki með KR-liðinu til Georgíu. „Það kemur sér mjög vel að fá smá pásu. Ég er langelstur í liðinu og ég er farinn að finna dálítið fyrir því núna eftir þessa törn sem hefur verið hjá okkur. Rúnar ákvað það að við yrðum eftir eins og það að hann ákvað það að ég spilaði ekki fyrri leikinn. Hann stjórna þessu mjög vel, við virðum allir hans ákvarðanir og hann hefur tekið mjög góðar ákvarðanir í allt sumar,“ sagði Bjarni að lokum.



NORÐMENN ENN Á NÝ Ísland og Noregur eru saman í riðli þriðju undankeppnina í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Riðill Íslands í HM 2014:

Með Slóvenum í fyrsta sinn

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið í fótbolta lenti í E-riðli þegar dregið var í riðla fyrir undankeppni HM 2014.

Í riðli Íslands eru einnig Noregur, Slóvenía, Sviss, Albanía og Kýpur. Þetta er einn léttasti riðillinn í undankeppninni en jafnframt einn sá minnst spennandi. Mótherjar Íslands glöddust yfir niðurstöðunni:

„Þetta hefði getað verið mikið mikið verra. Við sluppum við að mæta Rússlandi og Frakklandi úr öðrum styrkleikaflokki og við sluppum við að mæta Spáni, Hollandi, Þýskalandi, Englandi og Ítalíu úr fyrsta styrkleikaflokknunum,“ sagði Ottmar Hitzfeld, þjálfari Sviss.

Ísland hefur verið með öllum þessum þjóðum í undanriðli áður nema Slóvenum. Ísland og Noregur eru þarna saman í riðli þriðju undankeppnina í röð. - óóó

Reynsla af mótherjunum:

Noregur	Fimmta sinn
HM 1974, EM 1988, HM 2010, EM 2012	
Slóvenía	Fyrsta sinn
Sviss	Þriðja sinn
	EM 1980, EM 1996
Albanía	Annað sinn
	EM 1992
Kýpur	Annað sinn
	EM 2012



VEIGAR PÁLL Lék sinn síðasta leik með Stabæk á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Veigar Páll Gunnarsson:

Kvaddi Stabæk með stæl

FÓTBOLTI Veigar Páll Gunnarsson átti stórleik í síðasta leiknum sínum með Stabæk sem var á sunnudaginn en Veigar gerði tveggja og hálf sá samning við Vålerenga á laugardaginn.

Veigar Páll skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í 4-1 sigri Stabæk á botnliði Start í norsku úrvalsdeildinni. Bæði mörk Veigars komu eftir íslenskar stoðsendingar, fyrst fékk hann boltann frá Pálma Rafni Pálmasyni og svo frá Bjarna Ólafi Eiríkssyni.

Veigar Páll fékk átta í einkunn hjá bæði Verdens Gang og Nettavisen og var valinn maður leiksins á báðum miðlum. Veigar Páll hefur skorað 9 mörk og gefið 5 stoðsendingar í 16 leikjum með Stabæk á tímabilinu. - óóó

Íslenska 17 ára landslið kvenna endaði í 4. sætinu á EM eftir 2-8 tap á móti Þýskalandi í bronsleiknum:

Með pening um hálsinn og reynslunni ríkari

FÓTBOLTI Stelpurnar í 17 ára landsliðinu réðu ekki við geysisterkt lið Þjóðverja í leiknum um þriðja sætið á Evrópumótinu í Nyon í Sviss en tókst þó að skora fyrstu tvö mörkin í úrslitakeppninni í 2-8 tapi. Telma Þrastardóttir og Aldís Kara Lúðvíksdóttir skoruðu mörk íslenska liðsins. Engin skoraði fleiri mörk en Aldís á þessu Evrópumóti með undankeppninni meðtöldri en hún skoraði alls tólf mörk.

„Það stendur upp úr í þessari keppni að vera ein af fjórum bestu þjóðum í Evrópu og

FYRIRLIÐARNIR Írunn Þorbjörg Aradóttir og Lára Kristín Pedersen. MYND/ÍRISI BJÖRK EYSTEINSDÓTTIR



nú náum við besta árangri sem íslenskt fótboltalið hefur náð. Það er frábært að vera hluti af því,“ sagði Eyjastelpan Svava Tara Ólafsdóttir við Írisi Björk Eysteinsdóttur, fjölmiðlafulltrúa íslenska liðsins.

„Það var gaman að taka þátt í verðlaunafhendingu eins og í Meistaradeildinni þar sem við fórum í stúkuna og tókum við verðlaunapeningum. Klikkuð reynsla að spila svona leik sem við munum horfa á allt okkar líf. Við náðum allavega að sýna í dag að við eigum heima hérna. Við munum koma mun sterkari hingað aftur á næsta ári, við ætlum að komast aftur í lokakeppni,“ sagði HK-stelpan Glódís Perla Viggósdóttir við Írisi eftir leikinn. - óóó

Á HÓTEL EDDU ERU FYRSTA FLOKKS VEITINGASTAÐIR SEM LEGGJA SÉRSTAKA ÁHERSLU Á AÐ MATREIÐA ÚR ÍSLENSKU HRÁEFNI. Í SUMAR TÖFRUM VIÐ MEÐAL ANNARS FRAM GÓMSÆTA LAMBAKJÖTSRÉTTI ALLAN HRINGINN.

NJÓTTU AFURÐA ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU Á HÓTEL EDDU Í SUMAR!
BROSANDI ALLAN HRINGINN



13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

- 1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum
- 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
- 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

Lambakjöt
LAMBAKJOT.IS

> Christian Bale

„Ég tel mig ólíkan öllum persónum sem ég hef leikið, þær eru allar mjög ólíkar sjálfum mér.“

Christian Bale leikur í myndinni Leðurblöku-manninum þar sem hann þarf að berjast gegn skemmdarverkum hins útreiknanlega Jókers. Myndin, sem hefur fengið einróma lof gagnrýnenda um heim allan, er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.00.

**VIÐ TÆKIÐ MARTA MARÍA FRÍÐRIKSDÓTTIR FRÆDDIST UM SÖGU HJÓNABANDSINS****Stoppað í sokka við óm gömlu gufunnar**

Rás eitt eða gamla gufan eins og margir kalla hana minnir mig alltaf á hana ömmu mína sem bjó í sama húsi og ég lengi vel. Þar var alltaf stillt á gufuna og andrúmsloftið var rólegt og gott. Á laugardaginn fyrir rúmri viku tók ég upp á því að setjast niður og hlusta á gufuna, sem ég geri nú aldrei. Ég safnaði saman götöttum sokkum og settist upp í sófa með nál og tvinna og hóf að stoppa í sokka meðan dagskrá Rásar eitt ómaði um stofuna. Ég minnti sjálfa mig á gamla konu. Á dagskrá var brúðkaupsþáttur þar sem farið var yfir hugmyndir fólks um hjónabandið. Saga hjónabandsins var skoðuð og spáð í framtíðina. Í þættinum var hjónabandið rannsakað frá mörgum hliðum, til dæmis trúarlegri,



lagalegri og sagnfræðilegri. Rætt var um að fólk sæi í dag fram á að lifa lengur saman heldur en fyrir nokkrum áratugum. Bent var á að skilnaðartíðni hefði hækkað.

Það var líka gaman að heyra reynslusögur fólks af hjónabandi. Gamla fólkíð sem hafði verið gift í áratugi var greinilega jafn ástfangið og unga fólkíð sem var á leiðinni upp að altarinu. Reynt var að draga upp úr eldra fólkinu hver lykllinn væri á göðu hjónabandi. Einnig var skemmtilegt að heyra manninn sem gengið hafði í gegnum nokkra skilnaði segja frá reynslu sinni. Skemmtilegt andrúmsloft fyllti stofuna mína sem minnti dálítið á stofu ömmu minnar á efri hæðinni fyrir mörgum árum. Ég mæli með þessum þætti. Það stóðst líka á endum að þegar þátturinn kláraðist var síðasta sporið saumað.

dagskrá**RÚV**

- 16.40 Leiðarljós
- 17.20 Tóti og Patti (17:52)
- 17.31 Pakbúarnir (16:52)
- 17.43 Skúli skelfir (51:52)
- 17.54 Jimmy Tvískór (10:13)
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Gulli byggir (5:6) (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Að duga eða drepast (35:41) (Make It or Break It)
- 20.20 Gengið um göturnar - Siglu-fjörður Egill Helgason skoðar sig um á Siglu-firði og ræðir við Órlyg Kristfinnsson um sögu bæjarins. Áður sýnt í Kiljuni í vetur leið.
- 20.55 Herstöðvarlíf (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.
- 21.40 Heimsmeistaramót íslenska hestsins (1:5) Stutt samantekt frá keppni dagsins í Graz í Austurríki.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Winter lögreglufoingi - Herbergi 10, seinni hluti (4:8) (Kommissarie Winter) Sænsk sakamálasýra. Atriði í þáttum eru ekki við hæfi barna.
- 23.25 Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum (Mí 2011)
- 23.45 Sönnunargögn (5:13) (Body of Proof) (e)
- 00.30 Fréttir (e)
- 00.40 Dagskrárlök

BÍÓ

- 06.15 The Dark Knight
- 08.40 Doctor Dolittle
- 10.05 Four Weddings and a Funeral
- 12.00 Búi og Símon
- 14.00 Doctor Dolittle
- 16.00 Four Weddings and a Funeral
- 18.00 Búi og Símon
- 20.00 The Dark Knight
- 22.25 The Happening
- 00.00 Skeleton Man
- 02.00 Factotum
- 04.00 The Happening
- 06.00 Taken

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (1:175)
- 10.10 Wonder Years (5:23)
- 10.35 The Bill Engvall Show (1:12)
- 11.00 Monk (4:16)
- 11.45 Extreme Makeover: Home Edition (19:25)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (1:24)
- 13.25 American Idol (37:43)
- 14.10 American Idol (38:43)
- 15.00 Sjáðu
- 15.30 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (18:25)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (21:24)
- 19.45 Modern Family (6:24)
- 20.05 The Middle (23:24)
- 20.30 The Big Bang Theory (18:23) Þriðja serían af þessum stórskemmtilega gamanþætti um ævintýri nördanna viðkunnalegu Leonard og Sheldon.
- 20.55 How I Met Your Mother (19:24) Fimmta sería af þessum gamanþáttum.
- 21.20 Diamonds (1:2)
- 22.50 Daily Show: Global Edition
- 23.15 Hot In Cleveland (2:10)
- 23.40 Cougar Town (2:22)
- 00.05 Off the Map (8:13)
- 00.50 Ghost Whisperer (20:22)
- 01.35 True Blood (2:12)
- 02.30 NCIS. Los Angeles (14:24)
- 03.15 Nip/Tuck (8:19)
- 04.00 Eleventh Hour (14:18)
- 04.40 The Bill Engvall Show (1:12)
- 05.05 The Big Bang Theory (18:23)
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 18.00 Pepsi mörkin Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Um-sjónarmaður er Hörður Magnússon.
- 19.10 Arnold Classic Sýnt frá Arnold Classic mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkams-ræktarköppum veraldar, enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
- 20.00 AC Milan - Barcelona 1994 Úrslitaleikurinn í Evrópukeppni meistaraárið 1994 var háður í Apenu. Flestir bjuggust við jöfnum og spennandi leik enda frábærir leikmenn í báðum liðum. Þegar á hólminn var komið reyndist AC Milan miklu sterkara og hreinlega valtaði yfir Barcelona. Massaro skoraði tvívegis fyrir ítalska liðið í fyrri hálfleik og Savicevic og Desailly gulltrygguðu sigurinn með tveimur mörkum í þeim síðari. Frammi-staða AC Milan í leiknum er kennslubókardæmi um góða knattspyrnu.
- 21.50 Veidiperlur Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífstíl og matarmennsku í veiði.
- 22.20 Þór - ÍBV Útsending frá leik Þórs og ÍBV í undanúrslitum Valtor-bikarsins.

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Válerenga - Liverpool Útsending frá æfingaleik Válerenga og Liverpool í Osló.
- 18.00 Premier League World Áhuga-verður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
- 18.30 Válerenga - Liverpool Útsending frá æfingaleik Válerenga og Liverpool í Osló.
- 20.15 Football League Show Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
- 20.45 NY Red Bulls - Paris St. Germain Útsending frá leik New York Red Bulls og Paris St. Germain í Emirates Cup 2011.
- 22.30 Arsenal - Boca Juniors Útsending frá leik Arsenal og Boca Juniors í Emirates Cup 2011.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 17.15 Dynasty (15:28)
- 18.00 Rachael Ray
- 18.45 WAGS, Kids & World Cup Dreams (4:5) (e)
- 19.45 Whose Line Is It Anyway?
- 20.10 Survivor (12:16) Bandarískur raun-veruleikabáttur sem notið hefur mikilla vinsældar. Eftir að hafa rekið burt alla meðlimi Zapatera ættbálksins þurfa þeir sem eftir eru úr Ometepe ættbálknum að snúast gegn hvort öðru.
- 21.00 How to Look Good Naked (5:8) Stíllistinn geðþekki Gok Wan brýtur múra útlitsdýrkunnar og aðstoðar ólíkar konur við að finna ytri sem innri fegurð. Apríl er ballettdansmæri í hjáverkum sem er ósátt við útlitið. Gok Wan hjálpar henni að yfirvinna ranghugmyndir sínar.
- 21.50 In Plain Sight (5:13) Spennuþáttaröð sem fjallar um hörkukvendi og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Mary hefur miklar áhyggjur af sturluðum manni sem starfað hefur sem launmorðingi.
- 22.35 The Good Wife (6:23) (e) Endursýningar frá byrjun á fyrstu þáttaröðinni um góðu eiginkonuna Aliciu. Alicia tekur að sér mál dauðadæmdu fanga sem hefur setið inni í sex ár fyrir morð á lögreglumanni. Hann hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu og Alicia kemst að því að Peter hefur mikilvægar upplýsingar um málið.
- 23.20 Californication (6:12) (e)
- 23.50 CSI: New York (7:22) (e)
- 00.40 Shattered (6:13) (e)
- 01.30 CSI (16:23) (e)
- 02.15 Smash Cuts (17:52) (e)
- 02.40 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 08.10 The Greenbrier Classic (1:4)
- 11.10 Golfing World
- 12.50 The Greenbrier Classic (1:4)
- 15.50 Ryder Cup Official Film 1997
- 18.00 Golfing World
- 18.50 PGA Tour - Highlights (28:45)
- 19.45 Ryder Cup Official Film 2008
- 21.00 The Future Is Now (1:1)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 PGA Tour - Highlights (23:45)
- 23.45 ESPN America

EXTRA

- 19.35 The Doctors (161:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey.
- 20.15 Grey's Anatomy (14:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramabáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf lækna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikir alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Fairly Legal (9:10) Dramatísk og hnyttin þáttaröð sem fjallar um Kate Reed. Hún starfaði sem lögmáður á virti lögræði-stofu fjölskyldunnar sinnar í San Francisco en ákvað að gerast sáttamiðlari þar sem henni fannst réttarkerfið ekki vera nógu skilvirkt. Kate hefur náttúrulega hæfileika til að leysa deilumál, bæði vegna kunnáttu sinnar í lögræði og eins vegna mikilla samskiptahæfileika. Henni virðist þó ekki takast að leysa deilumál á sínu eigin lífi.
- 22.35 Nikita (20:22) Ný og hörkuspenndandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrri líf þeirra og gerir þau að lærum njósnurum og morðingjum.
- 23.20 Weeds (4:13)
- 23.50 Grey's Anatomy (14:24)
- 00.30 The Doctors (161:175)
- 01.10 Sjáðu
- 01.35 Fréttir Stöðvar 2
- 02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

- 18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
- 21.00 Bæjarstjórnarfundur Útsending frá bæjarstjórnarfundum frá því fyrir um daginn.

INN

- 20.00 Hrafnaping Seinni þáttur með Árna Páli Árnasyni, efnahags- og viðskiptaráðherra.
- 21.00 Græðlingur Gurrý og grænir fingur.
- 21.30 Svartar tungur Þingmenn á ferð og flugi.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

- | | | | | | | |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 21.20

Diamonds

Hörkuspennandi framhaldsmynd í tveimur hlutum. Dóttir bandarískrar þingkonu er myrt í demantanámu í Afríku og þingkonan er staðráðin í að komast til botns í málinu. Aðalhlutverkín leika James Purefoy, Judy Davis og Derek Jacobi.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunfrúin 06.40 Veðurfregni 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í næmmynd 12.00 Fréttir 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 13.00 Við sjávarsíðuna 14.00 Fréttir 14.03 Mixtúra 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Og sólin rennur upp 15.25 Málstofan 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Eyðibýlið 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Í lok dags 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Fríðir 20.00 Leynifélagið 20.30 Við veginn 21.30 Kvöldsgagan: Ofvitinn 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.20 Fimm fjórðu 23.15 Á sama báti 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

11.25 Monarch of the Glen 12.15 Keeping Up Appearances 12.45 Dalziel and Pascoe 13.35 Dalziel and Pascoe 14.25 Deal or No Deal 15.00 Deal or No Deal 15.35 Deal or No Deal 16.10 Keeping Up Appearances 16.40 Allo, Allo! 17.05 ,Allo ,Allo! 17.30 The Inspector Lynley Mysteries 18.20 The Inspector Lynley Mysteries 19.10 Top Gear 20.00 The Graham Norton Show 20.45 QI 21.15 Little Britain 21.45 My Family 22.15 Top Gear 23.05 The Graham Norton Show 23.50 QI 00.20 Little Britain 00.50 My Family

DR 1

13.15 Aftenshowet Sommer 14.00 Thomas og hans venner 14.15 Carsten og Gitte Venneville 14.30 Lille Nørd 15.00 Kærlighed i ukendt land 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 På optagelse med Livets planet 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet Sommer 17.45 Sommervejret 18.00 Hammerslag Sommermix 18.30 Kender du typen 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Sommervejret 19.35 Kronprinsessen 20.30 Kronprinsessen 21.30 Verdens værste naturkatastrofer

NK1

12.30 I Zlatans fotspor 13.00 Derrick 14.00 Sommeråpent 14.45 Ut i nærturen 15.00 Krøniken 16.00 Oddasat - nyheter på samisk 16.05 Nyheter på tegnspråk 16.10 Tilbake til 90-tallet 16.40 Distriktnyheter 17.30 Ut i naturen 18.00 Mirakelet i dyrehagen 18.45 Extra-trekning 18.55 Distriktnyheter 19.30 Sommeråpent 20.15 Lyngbø og Hærlands Big Bang 21.05 Kveldsnytt 21.20 Elskerinner 22.10 Fredag i hagen 22.40 Australias villmark 23.10 Jon Døre-show 23.35 Svisj gull

svt1

11.25 Kvinnodröm 12.50 Semester, semester, semester 13.10 Gomorron Sverige 14.00 Rapport 14.05 Vem tror du att du är? 14.45 Schlagerpärlor 14.55 Sommarkväll 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Kockens omöjliga uppdrag 17.05 K-märkt form 17.10 Kulturyheterna 17.20 Sverige i dag sommar 17.30 Rapport 17.52 Regionala nyheter 18.00 Allsång på Skansen 19.00 Kommissarie Montalbano 20.55 Försvunna 21.25 Svaleskär 21.55 Ripley Under Ground 23.35 Rapport



STÖKKTU AF STAÐ

Árangur

Stökktu af stað strax eftir sumarfríið. Farðu inn í haustið full af orku í toppformi.

Taktu heilsuna og útlitið föstum tókum. Fjölbreytt námskeið með mjög miklu aðhaldi. Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem grennir þig. Losnaðu við eilífa sætindaþörf og leggðu grunn að nýju neyslumynstri sem grennir þig í eitt skipti fyrir öll.

- Mataræðið er tekið í gegn
- Lærðu að borða til að næra vöðvana þína og svelta fitufrumurnar
- Einfaldar æfingar sem miðast við að tryggja hámarks fitubruna
- Þú minnkar fitufrumurnar og styrkir og mótar vöðvana
- Þú minnkar ummál um mitti, læri og mjaðmir
- Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan
- Þú færð hvatningu, fróðleik og uppskriftir í tölvupósti 3x í viku

3ja vikna námskeið - þjálfun 3x í viku.

Verð 14.900 kr.

HD Fitness

Heitt djúpvöðva fitness (HD fitness) er glænýtt æfingakerfi fyrir þær sem sækjast eftir tónuðum líkama og tígulegu fasi.

HD fitness æfingakerfið fer fram í heitum sal og byggist á rólegum styrktaræfingum ásamt djúpum teygjum. Eingöngu er unnið með eigin líkamsþyngd. HD fitness-kerfið er byggt á æfingum sem stjórna á borð við Jennifer Aniston og Gwyneth Paltrow iðka. Sérstakar áherslur eru á styrkingu djúpvöðva í kvið og baki og djúpar teygjuæfingar sem lengja og styrkja alla vöðva líkamans. Hitinn í salnum auðveldar að ná djúpum teygjum og líkaminn hitnar fljótt og vel.

3ja vikna námskeið - þjálfun 2x í viku.

Verð 12.900 kr.

Ný námskeið að hefjast!

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

HREYFING

BLUE LAGOON

Álfheimar 74
414 4000

VEISLAN HELDUR ÁFRAM Í ÁGÚST!



Þú færð Stöð 2, Stöð 2 Bío og Stöð 2 Extra fyrir aðeins 229 kr. á dag.

National Geographic fylgir frítt með í ágúst.





„Grillpinnar með tófu, sætum kartöflum og papriku marineraðir í tandoori-mauki er fáránlega gott.“

Harpa Rún Ólafsdóttir, listakona.

Skálmöld klár í Ólympíuleikana

„Það væri gaman að fá sér eina bratwurst með Ozzy,“ segir Björgvin Sigurðsson, söngvari og gítarleikari Skálmaldar, sem spilar á Wacken-hátíðinni í Þýskalandi ásamt Ozzy Osbourne.

Þungarokksveitin sleppti því að fara í útilegu um verslunarmannahelgina og æfði þess í stað fyrir Wacken, sem hefst á fimmtudag og stendur yfir til laugardags. Þar stíga einnig á svið rokkrisar á borð við Ozzy, Judas Priest og Motörhead.

Aðspurður segir Björgvin að Skálmöld sé í fínu formi eftir tónleikaferð um Ísland og Fær-

eyjar með færeysku rokkurinum í Hamferð. „Það var ágætis upphitun og æfingabúðir fyrir Ólympíuleikana í Þungarokki,“ segir hann hress.

Plata Skálmaldar, Baldur, er nýkomin út í Evrópu hjá fyrirtækinu Napalm Records. Hún kemur út í Bandaríkjunum í byrjun ágúst. Hún hefur selst í yfir 2.500 eintökum hér á landi ef sala á Tonlist.is er tekin með í reikninginn, sem er framar björtustu vonum.

Dauðarokkararnir í Atrum, sem unnu Wacken Metal-hljóm-sveitakeppnina hér á landi í

vetur, verða einnig á Wacken-hátíðinni. Þar taka þeir þátt fyrir Íslands hönd í úrslitakeppninni. Einnig verða þar Þungarokkarnir í Sólstöfum. Þeir verða með hlustunarpártí fyrir blaðamenn vegna nýrrar plötu sinnar, Svartir sandar, sem kemur út í Evrópu og Bandaríkjunum í október á vegum frönsku útgáfunnar Season of Mist. Einnig ætlar helmingur sveitarinnar að róta fyrir Skálmöld á tónleikum þeirrar síðarnefndu. „Þeir verða á svæðinu og buðu fram aðstoð sína. Það var afskaplega fallega gert hjá þeim,“ segir Björgvin. -fb



Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS Björgvin Sigurðsson úr Skálmöld og Aðalbjörn Tryggvason úr Sólstöfum eru á leiðinni til Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvetur fólk til dáða

Neyðarsöfnun hefur staðið yfir hjá UNICEF að undanfögnu vegna þeirrar miklu hungursneyðar sem ríkir í norðausturluta Afríku.

Grínistinn Þorsteinn Guðmundsson ákvað að láta ekki sitt eftir liggja og tók upp myndband á símann sinn sem var frumsýnt á Facebook-síðu UNICEF í gærkvöldi.

Þar hvetur hann almenning til að taka þátt í söfnuninni.

„Ég bara hafði samband við þá [UNICEF] í vikunni og vildi gera eitt-hvað.“

Þeir stungu upp á að ég gerði vídeoblogg og



mér fannst það alveg sjálfsgat,“ segir Þorsteinn. „Ég fór upp í Heiðmörk með hundinn, bullaði eitthvað í símann minn og bjó til vídeó úr því. Mig langaði að sýna fram á að við getum hjálpað á ólíkan hátt. Þegar maður flettir blöðunum og er kannski orðinn blankur yfir mánaðamótin getur maður samt fundið leið til að koma að gagni,“ segir hann.

Rúmlega átta þúsund manns hafa styrkt söfnunina hér á landi ásamt mörgum fyrirtækjum. Enn má þó gera betur og er myndband Þorsteins liður í því að hvetja fólk til dáða. -fb

BJÓ TIL MYNDBAND Grínistinn Þorsteinn Guðmundsson bjó til myndband á símann sinn fyrir UNICEF.

GARÐAR GUNNLAUGSSON: LÍÐUR VEL FYRIR FRAMAN MYNDAVÉLINA

Garðar Gunnlaugs snýr aftur í fyrirsætubransann

„Þetta er eins og að koma heim,“ segir Garðar Gunnlaugsson, knattspyrnukappi, bjórframleiðandi og fyrirsæta.

Andlit Garðars hefur prýtt síður dagblaða á Íslandi undanfarna daga en hann situr fyrir í auglýsingu Hagkaupa á gúmmítúttum. Auglýsingin var ljósmynduð í byrjun sumars þegar Garðar var staddur hér á landi í fríi. „Er ég að auglýsa gúmmítúttur? Það er fyndið. Hagkaup biðja mig alltaf um að hafa samband þegar ég er á landinu, sem ég geri því þetta er skemmtileg vinna,“ segir Garðar, sem var að jafna sig eftir aðgerð á mjóbaki á sjúkrahúsi í Þýskalandi þegar Fréttablaðið náði í hann.

Garðar byrjaði að sitja fyrir árið 2003 í kjölfar sigurs í Herra Ísland. Honum hefur reglulega brugðið fyrir í Hagkaupsbæklingsnum, en hefur ekki sést á síðum bæklingsins síðustu misseri enda búsettur erlendis.

„Já, vá, ég er búinn að vera í þessu með hléum í átta ár. Það er alltaf sama teymi á bak við þessar myndatökur svo það er yndisleg stemning í stúdíóinu,“ segir Garðar og útilokar ekki að rifja upp gamla takta og sitja fyrir á nærfötunum einum saman í framtíðinni. Síðast þegar hann gerði það var það með eiginkonu sinni, Ásdís Rán Gunnarsdóttir. „Það var skemmtileg myndataka. Á meðan mér finnst þetta gaman tek ég eina og eina auglýsingu þegar ég er heima í fríi.“

Garðar greindist með brjóskaletti í baki fyrr í sumar og þurfti því að hætta við að ganga til liðs við íslenska fótboltaíðlið ÍBV eins og til stóð. Hann segir það hafa verið mikil vonbrigði því hann hafi verið farinn að hlakka til að spila aftur



ENDURKOMAN Garðar Gunnlaugsson, knattspyrnukappi, bjórframleiðandi og fyrirsæta, er byrjaður að sitja aftur fyrir í auglýsingum hjá Hagkaupum.

á Íslandi. Nú er hann hins vegar á leið aftur til Búlgaríu þar sem fjölskyldan bíður eftir honum.

„Það er fullt að gera hjá Ásdísi. Ég má hins vegar ekkert æfa í sex vikur og fer svo í að koma mér í form,“ segir Garðar og bætir við að hann verði heimavinnandi húsfaðir og Ásdís sú sem vinni fyrir heimilinu í Búlgaríu. „Hún hefur alltaf verið mjög dugleg kona og er búin að skapa sér stórt nafn í Búlgaríu.“

Garðar bætti nýverið í ferilskrá sína þegar hann hóf að framleiða bjór í Lettlandi. Bjórinn nefnist Krummi og bíður Garðar einungis eftir að fá leyfi fyrir innflutningi bjórsins, sem er tilbúinn á hafnarbakkanum í Lettlandi. „Þetta er besti bjór sem ég hef smakkað og maður hefur nú smakkað þá ófáa gegnum tíðina. Ég vona að öll leyfi verði komin í lok ágúst.“

alfrun@frettabladid.is

Betlar peninga á Toronto-hátíð

„Maður verður bara að betla peninga alls staðar núna, því ekki þýðir það á Íslandi,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Friðrik Þór Friðriksson.

Hann er á leiðinni á kvikmyndahátíðina í Toronto í september. Þar fer alþjóðleg fjármögnunarráðstefna fram þar sem framleiðendur leitast við að fjármagna myndir sínar. „Það er búið að skera þessa þjóð niður um 35 prósent og ég sé ekki fram á að geta gert kvikmynd nema með erlendu fjármagni,“ segir Friðrik Þór.

Hann er með fjórar myndir í undirbúningi sem leikstjóri og framleiðandi. Fyrst ber að nefna Hross í leikstjórn Benediktis Erlingssonar, sem reyndar hefur fengið styrk frá Kvikmyndasjóði Íslands.


Hinar eru barnamyndin Leiðtogafundurinn, Lost in Poetry sem fjallar um ítalska leikstjórn Antonioni og loks Bibí sem er

byggð á samnefndri ævisögu eftir Vigdís Grímsdóttur.

Friðrik Þór hefur frumsýnt flestar myndir sínar í Norður-Ameríku á Toronto-hátíðinni í gegnum árin við góðar undirtektir, nú síðast Mömmu Gógu og Sólskinsdreginn, en í þetta sinn verður hann ekki með nýja mynd í fartaskinu.

Spurður hvort hann ætli einnig á kvikmyndahátíðina í Feneyjum sem verður haldin í september segir leikstjórinn: „Nei, maður fer ekki á mafuhátíðir, sérstaklega ekki eftir síðasta útspil ríkisstjórnarinnar.“ Þar á hann við stuðning fyrrverandi ráðherra landsins við norska hryðjuverkamanninn Breivik.

En hefurðu farið til Feneyja? „Jú, jú. Ég hef verið tvö ár af lífi mínu í flugvél á leiðinni á kvikmyndahátíðir og tíu ár af lífi mínu að hneigja mig.“ Og þú munt væntanlega halda því áfram? „Á meðan bakið leyfir.“ -fb



Á LEIÐ TIL TORONTO Friðrik Þór Friðriksson ætlar að betla peninga á kvikmyndahátíðinni í Toronto. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

Má bjóða ykkur meiri Vísir?



Meiri Vísir.

vísir

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ 10



ÓTRÚLEGI ÚTSÖLUMARKAÐURINN
2. - 14. ÁGÚST Í LAUGARDALSHÖLL

TÓNLIST LEIKFÖNG OG DVD

VERÐ FRÁ
99 KR.

ALLT AÐ
90%
AFSLÁTTUR

HEFST
Í DAG!



RÚMLEGA 45.000 VÖRUR · NÝ TILBOÐ DAGLEGA

OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA · AÐEINS Í TVÆR VIKUR

FRÉTTIR AF FÓLKI

Geir á vellinum

Stuðningsmenn KR fjölmenntu til Ísafjarðar um helgina þar sem fótboltaíðlið BÍ tók á móti Knattspyrnufélagi Reykjavíkur í undanúrslitaleik bikarkeppinnar. Ráðherrann fyrrverandi Geir H. Haarde var meðal áhorfenda ásamt eiginkonu sinni Ingu Jónu Þórðardóttur en þau eru öflugir stuðningsmenn Vesturbæjarliðsins.



Það hefur hins vegar verið erfiðara fyrir þau að taka afstöðu í þessum leik þar sem bróðir Ingu Jónu, Guðjón Þórðarson, stýrir Vestfirðingum. Hjónin sátu því með heima-mönnum í brekkunni en gátu svo farið sátt heim með sigur sinna manna í farteskinu.

Útilokar ekki Gauja


Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, lokaði ekki á þann möguleika að Guðjón Þórðarson tæki aftur við íslenska karlalandsliðinu í fótbolta í viðtali við Guðjón Guðmundsson, íþróttafréttamann á Stöð 2, um helgina. Geir sagði að öll nöfn væru upp á borðinu þegar Gauji spurði hann beint út hvort það kæmi til greina að ráða Guðjón aftur en enginn þjálfari hefur náð betri árangri með íslenska landsliðið. Samningur Ólafs Jóhannessonar rennur út í haust og það eru ekki miklar líkur á því að Ólafur verði endurráðinn enda liðið aðeins búið að vinna einn af fjórtán alvöru landsleikjum undir hans stjórn. Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, gaf það líka út um helgina að hann hefði ekki áhuga á því að taka við landsliðinu og bættist þar í hóp með Eyjólfí Sverrissyni, þjálfara 21 árs landsliðsins.



-áp, kh

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Fjörtán þúsund manns sungu með - myndir
- 2 Garðurinn lagður í rúst - kemst ekki inn til sín
- 3 Sami maðurinn handtekinn þrisvar sinnum með döp
- 4 Sérveitarmenn handtóku mann sem sagðist vera með byssu



Fáðu Vísir í símann!

ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.



Meiri Vísir.



SUMARTILBOÐ OG NÝJAR VÖRUR

12 mánaða vaxtalaugar greiðslur

SAGA OG ÞÓR

Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



Verðdæmi:

SAGA Queen rúm **129.900**
ÞÓR Queen rúm **149.900**



BOARD S-CAPE

WALLHUGGER

dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.

Fæst í eftirfarandi breiddum:
80, 90, 97, 120, 140 og 150 cm

Board hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði. S-Cape er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.

70% afsláttur af þífu pílsum á rúm

Er til rykkst og slétt, í mörgum litum og stærðum.



50% afsláttur af rúmstæðum í ljósum og dökkum kirsuberjavið


160 cm, 180 cm og 193 cm.
Verð frá **41.450**



AKUREYRI

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak. Betri öndun. Til í öllum algengustu rúmstærðunum



50% afsláttur af Lille rúmstæðum



Stóri stuðningspúðinn kominn aftur **19.900**

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.



REYKJAVÍK

Svefn & heilsa



www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00